



# Ársskýrsla utanríkisráðherra 2021



Stjórnarráð Íslands  
Utanríkisráðuneytið

## Ársskýrsla utanríkisráðherra

Utanríkisráðuneytið  
Rauðarástíg 25 – 105 Reykjavík  
Sími: 545 9900 | utn@utn.is

Júní 2022

Ábyrgðarmaður: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir  
Umsjón: Utanríkisráðuneytið  
Umbrot: Aron Freyr Heimisson & Einar Guðmundsson

© 2022 – Utanríkisráðuneytið

[stjornarradid.is](http://stjornarradid.is)



# Efnisyfirlit

<b>Heimsmýndin er breytt</b>	<b>4</b>
<b>Samantekt um starfsemi ráðuneytisins</b>	<b>6</b>
<b>Málefnasvið</b>	<b>8</b>
4.10 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála	13
4.20 Utanríkisviðskipti	23
4.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál	25
35.10 Þróunarsamvinna	30
<b>Uppsafnað frávik</b>	<b>38</b>
<b>Viðspyrnuáðgerðir vegna heimsfaraldurs</b>	<b>39</b>
<b>Framvinda í kynja- og jafnréttismálum</b>	<b>42</b>
<b>Tímalína - Stiklað á stóru í starfsemi utanríkisþjónustunnar 2021</b>	<b>45</b>



## Heimsmyndin er breytt

Sú heimsmynd sem nú blasir við endurspeglar ekki sama veruleika og við áttum að venjast fyrir 24. febrúar síðastliðinn. Stríðsrekstur Rússa hefur kallað ómældar hörmungar yfir saklausa borgara í Úkraínu og er alvarlegasta ógn við frið og öryggi í Evrópu frá seinni heimsstyrjöld. Öryggisumhverfi álfunnar, þar með talið Íslands, hefur tekið stakkaskiptum á örfáum mánuðum og er allt alþjóðastarf nú litað af þessum nýja veruleika.

Þegar ég settist í stól utanríkisráðherra í lok síðasta árs hafði heimabyggðin glímt við heimsfaraldur í tæp tvö ár, faraldur sem sett hefur samfélög um allan heim úr skorðum og snúið við áratuga framförum á sviði jafnréttismála, menntamála og í baráttunni gegn fátækt. Þessu til viðbótar voru óveðursskýin vegna liðssöfnuðar Rússa við landamæri Úkraínu þegar tekin að hrannast upp þó svo að vonir stæðu enn til þess að spennan yrði leyst við samningaborðið. Svo fór sem fór.

Gildin sem Pútín stafar ógn af og ræðst gegn með innrásarstríði sínu í Úkraínu eru þau sömu og móta utanríkisstefnu Íslands. Frelsi, þar með talið tjáningarfrelsi, friður, lýðræði, mannréttindi, jafnrétti og virðing fyrir alþjóðalögum, þessi gildi mynda rauðan þráð í gegnum alla starfsemi utanríkisþjónustunnar, hvort heldur í þróunarsamvinnu, innan alþjóðastofnana eða í tvíhliða samskiptum.

Í ársskýrslu sem þessari er horft yfir farinn veg, verkefni og áherslur liðins árs. Það er hins vegar erfitt að gera án samhengis við stöðuna á alþjóðavettvangi í dag og þau ærnu verkefni sem framundan eru.

Meðal þess sem bar hæst í utanríkisþjónustunni árið 2021 var ráðherrafundur Norðurskautsráðsins í Reykjavík. Utanríkisráðherrar allra aðildarríkjanna mættu til fundarins og komu sér saman um yfirlýsingu um að viðhalda friði, stöðugleika og uppbyggilegri samvinnu á norðurslóðum. Þar áttu utanríkisráðherrar Bandaríkjanna og Rússlands sinn fyrsta tvíhliða fund eftir að sá fyrrnefndi tók við embætti. Það er dapurleg staðreynd að rúmu ári eftir vel lukkaðan ráðherrafund í Reykjavík, sé starfsemi Norðurskautsráðsins í uppnámi vegna árásarstríðs Rússa.

Ísland hlaut yfirburðakosningu í framkvæmdastjórn UNESCO í fyrra. Þar, líkt og í annarri alþjóðasamvinnu, leggjum við áherslu á jafnrétti, mannréttindi og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Síðar á þessu ári tekur Ísland við formennsku í Evrópuráðinu, stofnun sem hefur það að markmiði að standa vörð um mannréttindi, styrkja lýðræðið og efla mannleg gildi og lífsgæði í Evrópu.

Eftir að hafa greitt fyrir heimför þúsunda Íslendinga á tímum heimsfaraldurs gegndu borgarþjónustan og sendiskrifstofur Íslands


síðan lykilhlutverki í fyrra við aðstoða við flutning fólks frá Afganistan vegna ófremdarástandsins í kjölfar valdatöku talibana.

Virkt alþjóðasamstarf er grundvallarforsenda þess að hægt sé að viðhalda friði og velmegun hér á jörð. Íslendingar geta verið þakk-látir fyrir að vera herlaus þjóð, en á sama tíma þýðir það að við treystum á varnarsamvinnu við önnur ríki til að tryggja frið okkar og öryggi. Við eigum allt okkar undir því að alþjóðalög, landamæri og lögsaga séu virt. Þegar þessi gildi eru virt að vettugi erum við sam-stiga okkar vina- og bandalagsríkjum í fordæmingu og viðbrögðum.

Langtíma afleiðingar innrásarinnar í Úkraínu eiga enn eftir að koma fram. Nú er fæðuöryggi mörgum þjóðum ofarlega í huga vegna upp-skerubrests, viðskiptaþvingana og verðhækkana á fóðri, auk orku-öryggis vegna viðskipta ýmissa þjóða við Rússland. Ísland tekur fullan þátt í viðtækum þvingunaraðgerðum gegn Rússlandi. Þótt því fylgi ákveðinn fórnarkostnaður er hann hverfandi í samanburði við mikilvægi þess að standa vörð um frelsi, lýðræði og mannréttindi.

Þótt dimm ófriðarský grúfi nú yfir okkar heimshluta horfi ég engu að síður björtum augum til framtíðarinnar. Þegar yfirstandandi hildar-leik lýkur tekur við tímabil uppbyggingar og friðar. Með áherslu á ofangreind gildi leggur Ísland sitt af mörkum hér eftir sem hingað til á sviðum þar sem styrkleikar okkar njóta sín í samfélagi þjóðanna.

*Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir  
utanríkisráðherra*



---

# Samantekt um starfsemi ráðuneytisins


---

# Samantekt um starfsemi ráðuneytis

Ársskýrsla utanríkisráðherra byggist á fyrirmælum í lögum um opinber fjármál. Gerð er grein fyrir fjárheimildum, raunútgjöldum, aðgerðum og þeim árangri sem náðst hefur í átt að settum markmiðum undir þeim málefnaviðum og málaflokkum sem undir ráðherrann heyra.

Utanríkisþjónustan gætir hagsmuna almennings og atvinnulífs á erlendri grundu og vinnur að framgangi grunnilda íslensks samfélags á heimsvísu. Borgaraþjónustan veitir íslenskum ríkisborgurum erlendis aðstoð þegar á þarf að halda, víðtækir viðskiptasamningar opna íslenskum fyrirtækjum markaði, varnarsamstarf tryggir öryggi borgaranna og með virkri þátttöku í alþjóðasamstarfi og með alþjóðlegri þróunarsamvinnu vinnur utanríkisþjónustan að því að efla virðingu fyrir mannréttindum allra, velsæld og friði.

## Skipurit utanríkisráðuneytisins





Utanríkisþjónustan greinist annars vegar í utanríkisráðuneytið og hins vegar í sendiráð, fastanefndir og ræðisskrifstofur. Alls voru 326 starfsmenn í utanríkisþjónustunni í árslok 2021. 172 störfuðu á aðalskrifstofu og í þýðingamiðstöð og 154 erlendis, þar af 89 staðar-ráðnir og 65 útsendir starfsmenn. Sendiskrifstofur Íslands eru nú 26 í 21 landi, þar af eru 16 tvíhliða sendiráð, sex fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og fjórar aðalræðisskrifstofur.

Kjöræðismenn Íslands, sem þiggja almennt ekki laun fyrir vinnu-framlag sitt, eru mikilvægir útverðir utanríkisþjónustunnar og framlag þeirra er ómetanlegt, ekki síst á sviði borgarþjónustu og viðskiptaþjónustu. Í dag eru þeir 215 í 99 ríkjum. Fyrirkomulag rekstrar utanríkisráðuneytisins, þar sem sendiskrifstofur og aðal-skrifstofa ráðuneytisins eru reknar sem ein heild, hefur reynst hagkvæmt og leitt til betri nýtingar fjármuna, meðal annars með sameiginlegri stoðþjónustu og skýrari yfirsýn yfir reksturinn.

### Málefnasvið

Málefnasviðin sem heyra undir utanríkisráðuneytið eru tvö, **04 Utan-ríkismál** og **35 Alþjóðleg þróunarsamvinna**. Málefnasvið 04 skiptist í fjóra málaflokka: **utanríkisþjónusta og stjórnýsla utanríkismála, utanríkisviðskipti, samstarf um öryggis- og varnarmál** og **samnings-bundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs**. Málefnasvið 35 hefur einn málaflokk sem nefnist **þróunarsamvinna**.

### Ráðstöfun varasjóðs

Einn varasjóður er fyrir bæði málefnasviðin og fellur hann undir málaflokkinn **Utanríkisþjónusta og stjórnýsla utanríkismála**. Í upphafi árs 2021 var sjóðurinn 111 m.kr. og var honum ráðstafað

á fjárlagaviðfangið 03-101-101 **Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa** til að mæta óvæntum útgjöldum.

### Rekstur og fjárfestingar

Í töflu 1 er yfirlit rekstrarafkomu þeirra málefnasviða og málaflokka sem utanríkisráðherra ber ábyrgð á. Taflan sýnir raungjöld, rekstur og tilfærslur í milljónum króna að frádregnum rekstrartekjum í samanburði við áætlanir ársins 2021 ásamt uppsöfnuðum frávikum frá fyrri árum.



---

# Málefnasvið

---

## Frávikagreining – málefnasvið og málaflokkar 2021

**Tafla 1.** Rekstur og tilfærslur – málefnasvið og málaflokkar.

Málefnasvið	Rauntölur ársins	Fjárheimildir ársins	Fjárheimildir frá fyrra ári	Frávik frá fjárheimildum	Frávik %
<b>04 Utanríkismál</b>	<b>12.477,1</b>	<b>14.060,9</b>	<b>610,4</b>	<b>1.583,9</b>	<b>11,4%</b>
0410 – Utanríkisþjónusta og stjórnarsýsla utanríkismála	6.267,9	6.871,0	518,9	603,0	8,9%
0420 – Utanríkisviðskipti	812,0	812,0	0,0	0,0	0%
0430 – Samstarf um öryggis- og varnarmál	2.690,4	2.888,0	91,5	197,6	6,8%
0450 – Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs	2.706,6	3.490,0	0,0	783,3	22,4%
<b>35 Alþjóðleg þróunarsamvinna</b>	<b>7.297,3</b>	<b>7.339,0</b>	<b>102,9</b>	<b>42,1</b>	<b>0,6%</b>
3510 - Þróunarsamvinna	7.297,3	7.339,0	102,9	42,1	0,6%
<b>Samtals</b>	<b>19.774,4</b>	<b>20.687,1</b>	<b>713,3</b>	<b>1.626,0</b>	<b>7,6%</b>

Heildarútgjöld, þ.e. samanlögð rekstrar- og fjárfestingarútgjöld þeirra málefnasviða og málaflokka sem utanríkisráðuneytið ber ábyrgð á námu 19.774,4 m.kr. á síðasta ári. Heildarfjárheimildir samkvæmt fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2021 að viðbættum millifærslum og framlögum vegna afskrifta voru 21.400,4 m.kr. Heildarafkoman eins og hún birtist í árslok 2021 var því jákvæð sem nemur 1.626,0

m.kr. Af þeirri fjárhæð eru 783,3 m.kr. jákvæð afkoma málaflokksins 4.50 Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs. Lokastaða þessa liðar er felld niður í árslok. Að teknu tilliti til þessa er jákvæð afkoma í árslok 842,7 m.kr., þar af eru 713,3 m.kr. fluttar fjárheimildir frá árinu 2020 og 129,4 m.kr. er jákvæð afkoma af rekstri innan ársins 2021. Hér á eftir er gerð frekari grein fyrir þessari jákvæðu afkomu.

## Utanríkismál Málefnasvið 4

### 4.10 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála

Heildarfjárheimild málaflokksins nam 6.871,0 m.kr. að teknu tilliti til fluttra fjárheimilda frá fyrra ári sem námu 518,9 m.kr. Rekstrarafkoma innan ársins var jákvæð sem nemur 68 m.kr. eða sem nemur um 1,1% af fjárheimild ársins. Að teknu tilliti til fluttra fjárheimilda frá árinu áður var afkoma jákvæð sem nemur 586,9 m.kr.

Mestu frávikin voru á fjárlagaliðnum **03-300 Sendiráð Íslands og 03-190 Ýmis verkefni**, en á 03-300 Sendiráð Íslands var afkoma jákvæð sem nemur 455,1 m.kr. Fluttar fjárheimildir frá fyrra ári námu 308,8 m.kr. og afkoma innan ársins var jákvæð um 146,3 m.kr., sem skýrist að mestu vegna tafa sem urðu á viðburðum og viðhaldsfrákvæmdum vegna COVID-19. Gengis- og verðlagsbætur námu 355,0 m.kr. Á fjárlagaliðnum **03-190 Ýmis verkefni** var afkoma ársins jákvæð sem nemur 37,4 m.kr. Frávikid skýrist fyrst og fremst af áætluðum ferðakostnaði og fundahöldum sem ekki varð af vegna ferðatakmarkana sem og breyttra aðferða í framkvæmd verkefna sem tengjast formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu, sem notið hefur sérstakrar fjármögnunar. Gert er ráð fyrir að þessi afgangur nýtist í önnur framhaldsverkefni norðurslóðasamstarfs á árunum 2022 og 2023.

### 4.20 Utanríkisviðskipti

Fjárheimild málaflokksins var 812 m.kr. á árinu 2021. Undir málaflokkinn falla einungis framlög til Íslandsstofu, sjálfseignarstofnunar. Engin fjárfestingaútgjöld falla undir málaflokkinn. Rekstrargjöld málaflokksins voru í samræmi við áætlun ársins og þar sem engar fjárheimildir voru fluttar á milli ára var afkoma ársins í jafnvægi.

### 4.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál

Heildarfjárheimild málaflokksins var 2.888,0 m.kr., þar af var fjárheimild ársins 2.796,6 m.kr. og 91,5 m.kr. uppsafnaðar fjárheimildir frá fyrra ári. Rekstrargjöld ársins námu 2.693,1 m.kr. og var afkoma málaflokksins jákvæð sem nemur 91,5 m.kr. í árslok eða 6,7%. Þetta má rekja til áhrifa heimsfaraldursins sem leiddi til frestunar á undirbúningi og framkvæmd varnaræfinga, vinnuferða og tafa sem hafa orðið á samningsbundnum framkvæmdum á varnarsvæðinu og gert er ráð fyrir að komi til ráðstöfunar á árinu 2022.

### 4.50 Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs

Undir málaflokkinn falla aðildargjöld Íslands vegna fjölþjóðasamstarfs þvert á verkefni málaflokkanna sem fjallað hefur verið um að framan. Útgjöld vegna verkefna sem falla undir málaflokkinn sveiflast nokkuð milli ára og tekur hlutdeild Íslands reglulega breytingum í samræmi við reiknireglur hverrar stofnunar.

Fjárheimild málaflokksins nam 3.490,0 m.kr. Rekstrargjöld málaflokksins voru 2.706,5 m.kr. og frávik frá áætlun því 783,5 m.kr. Helsta skýringin eru frávik sem hafa orðið á greiðslu framlaga til Uppbyggingarsjóðs EES. Greiðslur til sjóðsins sem voru innheimtar á árinu voru rúmur helmingur af því sem áætlað hafði verið og skýrir það frávik sem nemur 697,6 m.kr. Verkefni sjóðsins hafa frestast af ýmsum ástæðum, m.a. vegna heimsfaraldurs, og gert er ráð fyrir auknum greiðslum til sjóðsins á yfirstandandi ári vegna þess.

Hvorki er stefna sett fram fyrir þennan málaflokk sérstaklega né markmið eða mælikvarðar. Málaflokkurinn heldur fyrst og fremst utan um aðildargjöld að fjölþjóðasamstarfi og byggist á stefnu sem mörkuð hefur verið í tengslum við aðra málaflokka.





## Alþjóðleg þróunarsamvinna Málefnasvið 35

### 35.1 Þróunarsamvinna

Heildarfjárheimild málaflokksins var 7.339,4 m.kr. Þar af var fjárheimild ársins 7.236,5 m.kr. og uppsafnaðar fjárheimildir liðinna ára 102,9 m.kr. Rekstrargjöld ársins námu 7.290,5 m.kr. og var afkoma málaflokksins jákvæð sem nemur 48,9 m.kr. í árslok.

Framgangur verkefna í þróunarsamvinnu var að mestu í samræmi við stefnu og fyrirfram skilgreind markmið sem sett voru fram í aðgerðaáætlun málaflokksins þótt einhver röskun hafi orðið á starfi vegna heimsfaraldurs. Áætlað er að heildarframlög til þróunarsamvinnu nemi 0,28% af vergum þjóðartekjum<sup>1</sup> en önnur ráðuneyti fara einnig með ráðstöfun hluta þess fjár.

#### Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna

Umfjöllun um árangur og ávinning af ráðstöfun fjármuna er kaflaskipt eftir málaflokkum þeirra málefnasviða sem utanríkisráðherra hefur forræði yfir. Uppbygging kaflanna er sambærileg þar sem markmið eru skilgreind, stöðumat er birt og þau verkefni tíunduð sem helst stuðluðu að framgangi viðkomandi markmiða. Árangursmælingar markmiða byggjast annars vegar á mælikvörðum ársins 2021 í fjármálaáætlun 2021–2025 og hins vegar á aðgerðum ársins sem settar voru fram í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2021.

#### Þróun markmiða og mælikvarða

Nokkrar breytingar hafa orðið á markmiðum og mælikvörðum, eftir atvikum, með fjármálaáætlun 2022–2026, sem samþykkt var á Alþingi

í mars 2021 og aðgerðum í fjárlagafrumvarpi ársins 2022, sem samþykkt var á Alþingi í desember 2021. Gerð er grein fyrir breytingunum og ástæðum þeirra í viðkomandi skjölum.

#### Staða aðgerða eftir málaflokkum

Yfirlit yfir stöðu aðgerða allra málaflokka eftir málefnasviðum í árslok 2021 er birt í töflum hér á eftir. Alls voru skilgreindar 34 aðgerðir fyrir bæði málefnasvið utanríkisráðuneytisins í fjárlagafrumvarpi. Þar sem sumar þeirra styðja við fleiri en eitt markmið, auk þess sem sundurgreining aðgerða var gerð á stöku stað, teljast 38 aðgerðir í skýrslunni, 24 aðgerðir fyrir málefnasvið 04 og 14 aðgerðir fyrir málefnasvið 35. Þar af var 21 aðgerð hafin eða langt komin, 14 aðgerðum var lokið og þrjár aðgerðir voru í undirbúningi. Staða aðgerðanna var nokkuð mismunandi og skýrist það af ólíku eðli málaflokkanna og eins af því að aðgerðirnar ná yfir mismörg tímabil.

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur þar sem endanlegur kostnaður vegna umsækjenda um vernd og kvótaflóttafólks liggur ekki fyrir.

## 4.10 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála

Undir málaflokkinn fellur meirihluti rekstrarkostnaðar utanríkisþjónustunnar, ráðuneytis og sendiskrifstofa og þau verkefni sem lúta að því að standa vörð um hag íslenskra ríkisborgara erlendis. Málaflokknum tilheyrir einnig rekstur EES-samningsins, fríverslunar-samninga og annarra viðskiptasamninga, viðskiptaþjónusta, alþjóðleg og svæðisbundin samvinna um frið og öryggi, þjóðaréttur og sjálfbær þróun til viðbótar við mannréttindi, loftslags- auðlinda- og umhverfismál.

Utanríkisráðuneytið hefur sætt ríki aðhaldskröfu og gætt ráðdeildar í rekstri. Þetta veldur augljósum áskorunum bæði hvað varðar þau verkefni sem þjónustunni eru falin samkvæmt lögum og það að tryggja grunnstoðir í rekstri aðalskrifstofu og sendiskrifstofa Íslands erlendis. Heimsfaraldurinn hefur sett mark sitt á rekstur utanríkisráðuneytisins með auknu starfsálagi og nýjum verkefnum. Á móti hefur kostnaður vegna fundarhalds, -sóknar og viðburða lækkað tímabundið í kjölfar lokana landamæra og ferðatakmarkana.

Hefðbundin borgarþjónusta var umfangsmikil á árinu sökum heimsfaraldurs COVID-19 og síbreytilegra sóttvarnarreglna um allan heim. Eftir ríkisstjórnarsamþykkt 24. ágúst um að taka á móti flóttafólki frá Afganistan vegna valdatöku talibana tókst borgarþjónustan á við það krefjandi verkefni að aðstoða flóttafólkið, auk Íslendinga, við að komast frá Afganistan til Íslands. Verkefnið var flókið og unnið í kapp við tímann með öðrum ráðuneytum, stofnunum og erlendum stjórnvöldum. Með fyrirgreiðslu borgarþjónustunnar komu 102 einstaklingar til Íslands á tímabilinu ágúst til desember 2021.

Á undanförunum árum hefur verið unnið að framkvæmd tillagna í skýrslu ráðherra *Utanríkisþjónusta til framtíðar: Hagsmunagæsla í síbreytilegum heimi* frá 2017 sem og skýrslu ráðuneytisins *Saman*

*á útivelli: Framkvæmd utanríkisstefnu Íslands í kjölfar COVID-19* frá 2020. Í skýrslunum eru fjölmargar tillögur sem snúa að rekstri utanríkisþjónustunnar, húsnæðismálum og upplýsingatækni. Flestum hefur þegar verið hrundið í framkvæmd en nokkrum er þó enn ólokið og er þar einna veigamest framkvæmd tillagna sem varða húsnæðismál og stafræna utanríkisþjónustu.

Tillögu um stafræna utanríkisþjónustu hefur að hluta verið hrint í framkvæmd í formi frekari nýtingar samfélagsmiðla og heimasíðna sendiskrifstofa til að koma upplýsingum áleiðis sem og að nýta fjarfundabúnað og önnur stafræn verkfæri í starfi til að halda kostnaði niðri.

Starfsemi ráðuneytisins hefur á undanförunum árum rúmast í tveimur byggingum við Rauðarárstíg 25 og 27. Fram fór áframhaldandi greining á húsnæðisþörf utanríkisráðuneytisins á árinu 2021 og á grundvelli hennar er gert ráð fyrir að ráðuneytið flytji í hentugra húsnæði á árinu 2023. Áfram var unnið að endurskoðun á húsnæðismálum sendiráða og sendiherra með það fyrir augum að hámarka nýtingu og hagkvæmni. Á grundvelli þess var fundið hentugra húsnæði fyrir embættisbústaðinn í Washington. Þá voru embættisbústaðir í London seldir á árinu og stefnt er að því að fundið verði hentugra húsnæði á næstunni.

### Ísland á alþjóðavettvangi

Í viðsjárverðum heimi er alþjóðasamstarf mikilvægara en nokkru sinni. Ísland hefur löngum talað fyrir því að standa vörð um fjölþjóðasamstarf og alþjóðalög, enda skiptir alþjóðakerfi sem er byggt á traustum reglum sem breið sátt ríkir um sköpum fyrir herlaust ríki.





Mikilvægi þjóðaréttar, lýðræðis, friðar, mannréttinda og kynjajafnréttis eru meginstef í alþjóðasamstarfi Íslands. Ísland hefur að undanförunum verið í forystuhlutverki á alþjóðavettvangi í ráðum, stjórnun og nefndum. Þar gefst tækifæri til að leggja af mörkum til friðar, réttlætis og sjálfbærrar þróunar og afla sjónarmiðum Íslands stuðnings.

Tveggja ára formennskutímabili Íslands í Norðurskautsráðinu lauk með fjölsóttum ráðherrafundi í Reykjavík 19.–20. maí 2021. Formennska í ráðinu var umfangsmikið verkefni, enda hefur alþjóðapolítískt vægi þess aukist til muna á undanförunum árum. Heimsfaraldurinn setti mark sitt á formenskuna og vinnu Norðurskautsráðsins og þurfti að færa til viðburði og laga starfið að breyttum aðstæðum. Ráðherrafundurinn heppnaðist vel þrátt fyrir miklar áskoranir við skipulagningu vegna faraldursins. Ráðherrarnir samþykktu Reykjavíkuryfirlýsinguna og framtíðarstefnu ráðsins til næstu tíu ára. Þetta er í fyrsta skipti sem slík framtíðarstefna er samþykkt en að því hefur verið stefnt síðan 2017. Ekki var þá fyrir séð að Rússland myndi þverbrjóta alþjóðalög með innrás í Úkraínu með tilheyrandi áhrifum á starf ráðsins.

Öflugt norrænt samstarf er grundvallarþáttur í alþjóðlegu samstarfi Íslands og náð samband Norðurlanda og Eystrasaltsríkja hefur alla burði til að eflast enn frekar. Samtals fundaði utanríkisráðherra 21 sinni með starfssystkinum sínum á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum á árinu 2021. Framkvæmd tillagna Björns Bjarnasonar um eflingu norræns samstarfs í utanríkis- og öryggismálum var rædd á vettvangi utanríkisráðherra Norðurlanda á árinu. Á liðnu ári komu út skýrslur um samstarf Íslands við Grænland og Færeyjar. Í þeim eru fjölmargar tillögur um nánara samstarf við þessa næstu nágretta Íslands. Þá kom út skýrsla um samskipti Íslands og Póllands í september og í henni eru fjölbreyttar tillögur um hvernig efla megi samskipti ríkjanna. Þar var m.a. lagt til að opna sendiráð í Varsjá.

Ísland skipar sér í sveit lýðræðisríkja sem beita sér með virkum hætti í þágu mannréttinda og lýðræðislegra gilda sem víða eiga undir högg að sækja. Þó að setu Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna hafi lokið í árslok 2019 er Íslands áfram virkt áheyrnaríki í ráðinu. Í haustlotu ráðsins fór fram gagnvirk umræða um stöðu samstarfs Filippseyja við skrifstofu mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna. Blað var brotið í sögu ráðsins þegar Íslandi tókst að fá Filippseyjar til samstarfs um eftirfylgni við ályktun Íslands um stöðu mannréttinda þar í landi árið 2019. Þá var mikil áhersla lögð á undirbúning fyrir þriðju allsherjarúttekt á stöðu mannréttindamála á Íslandi sem fyrir lá að fram færi á vegum mannréttindaráðsins í upphafi árs 2022.

Undirbúningur hefur staðið yfir vegna formennsku Íslands í Evrópuráðinu 2022 til 2023. Þetta er í annað sinn sem Ísland fer með formennsku í Evrópuráðinu frá inngöngu árið 1950. Markviss undirbúningur fór fram á árinu og sem verðandi formennskuíki tók Ísland í vaxandi mæli við ábyrgðarverkefnum innan ráðsins. Ísland mun leggja áherslu á grunnildin, sem eru mannréttindi, réttarríkið og lýðræði, jafnrétti, málefni barna og tengsl mannréttinda og umhverfis. Formennskutímabili í Evrópuráðinu fylgir einnig umfangsmikil kynningar- og menningardagskrá.

Ísland var kosið í framkvæmdastjórn Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) með yfirgnæfandi stuðningi á aðalráðstefnu stofnunarinnar sem haldin var í París í nóvember 2021. Ísland hlaut flest atkvæði allra ríkja í kosningunni. Framboðið er samstarfsverkefni utanríkisþjónustunnar, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og íslensku UNESCO-landsnefndarinnar.

Loftslags-, auðlinda og umhverfismál eru áfram í forgrunni alþjóðasamvinnu og eru grundvallarhagsmunamál fyrir Ísland. Íslendingar

hafa mikilli sérþekkingu að miðla og með virkri þátttöku í alþjóðasamstarfi um þessa málaflokka getur Ísland einnig lagt sitt af mörkum til að þróa og byggja upp grænt hagkerfi til framtíðar, bæði heima og erlendis. Sjálfbær þróun með áherslu á loftslags-, auðlinda- og umhverfismál voru meginstef í formennsku Íslands í Norðurlandasamstarfi og Norðurskautsráðinu og eru einnig leiðarstef í stefnu Íslands á vettvangi alþjóðastofnana. Íslensk stjórnvöld leggja sem fyrr mikla áherslu á öflugt samstarf á alþjóðavettvangi á sviði endurnýjanlegra og umhverfisvænna orkugjafa, ekki síst nýtingu jarðvarma.

Málefni hafsins og hagsmunir Íslands mörkuðu mjög störf fasta-fulltrúa Íslands hjá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO). Ísland tók virkan þátt í undirbúningi leiðtogafundar um fæðukerfi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í New York í september og fór fyrir bandalagi ríkja sem hélt á lofti hagsmunum sem tengjast fæðu úr vötnum og höfum. Baráttan gegn plastmengun, ekki síst í hafi, er einnig knýjandi málefni sem Ísland leggur áherslu á, einkum á vettvangi Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna og í norðurslóðastarfi.

## Utanríkisviðskipti

Ísland er lítið og opið hagkerfi. Viðskiptastefna Íslands hefur að markmiði að þjóna efnahagslegum hagsmunum samfélagsins og tryggja samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja á alþjóðamörkuðum. Unnið er að því með gerð og rekstri viðskiptasamninga og með eflingu utanríkisviðskipta í tvíhliða, marghliða og alþjóðlegu samstarfi. Viðskiptaþjónustan vinnur einnig að sama marki í samvinnu við Íslandsstofu og styður við íslensk fyrirtæki í sókn þeirra á erlenda markaði, veitir ráðgjöf og leitar lausna ef vandamál koma upp.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) er mikilvægasti viðskiptasamningur Íslands og tryggir aðgang að afar mikilvægum nærmörkuðum sem lúta lýðræðislegri stjórn þar sem stöðugleiki ríkir. Á undanfönum árum hefur verið ráðist í ýmis átaksverkefni til að bæta framkvæmd og rekstur samningsins, m.a. með því að leggja áherslu á virkari hagsmunagæslu á fyrri stigum löggjafarferlisins og tryggja tímanlega innleiðingu með aukinni fjárveitingu til fagráðuneyta. Almenn framkvæmd samningsins var styrkt á árinu 2021 og samræmingarhlutverk utanríkisráðuneytis og forsætisráðuneytis treyst. Ísland var í formennsku í fastanefnd EFTA í Brussel fyrir hluta árs 2021. Í formennskuáætlun Íslands var lögð áhersla á skjóta upptöku gerða sem vörðuðu viðbrögð við heimsfaraldrinum. Jafnframt var áhersla lögð á kynningarstarf tengt EES-samningnum, þátttöku í samstarfsáætlunum, tímanlega upptöku ESB-löggjafar á sviði innri markaðarins í samninginn, áhrif á löggjöf í mótun og að hnýta lausa enda vegna útgöngu Breta úr EES. Hvað varðar upptöku náðist m.a. árangur í upptöku gerða sem hafa verið lengi í vinnslu. Mikil áhersla var lögð á að taka hratt upp í samninginn reglur sem tengdust stafrænum COVID-19 vottorðum og ráðstöfunum sem vörðuðu ferðafrelsi í faraldrinum. Þá var á haustmánuðum gengið frá umfangsmestu þátttöku Íslands í samstarfsáætlunum ESB frá upphafi sem mun skapa fjölmörg tækifæri fyrir íslenska aðila. Tekist hefur að draga úr langtíma innleiðingarhalla tilskipana en hann er þó enn yfir 1% viðmiðunarmörkum. Stefnt er að því að hann fari niður fyrir þau mörk á næsta ári.

Aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) árið 1970 hefur verið ein af meginstöðum utanríkisviðskiptastefnu Íslands og átt mikilvægan þátt í að tryggja hagsæld hér á landi. Í krafti aðildar sinnar að EFTA hefur Ísland gert 29 samninga við 40 ríki og landsvæði. Ísland tók við formennsku í EFTA í júlí 2021 en það ár stóðu





yfir fríverslunarsamningaviðræður við Indland, Malasíu, Víetnam og Moldóvu. Unnið er að undirritun fríverslunarsamnings EFTA-ríkjanna og MERCOSUR-ríkjanna (Argentína, Brasilía, Paragvæ og Úrúgvæ) en efnislegum viðræðum lauk 2019. Viðræðum um uppfærslu á fríverslunarsamningum við Chile og SACU (Tollabandalag Suður-Afríku) miðaði vel áfram á árinu 2021 og nýr fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkjanna og Indónesíu tók gildi ásamt uppfærðum samningi EFTA og Tyrklands. Ísland hefur einnig gert tvíhliða fríverslunarsamninga við Kína og Færeyjar.

Útganga Bretlands úr Evrópusambandinu kom að fullu til framkvæmda 1. janúar 2021. Við þessi tímamót hættu EES-samningurinn og aðrir samningar Íslands við ESB að gilda um Bretland og við tók bráðabirgðafríverslunarsamningur um vöruviðskipti á milli Íslands og Bretlands. Samningurinn tryggir að ekki eru lagðir á hærrí tollar á inn- og útflutning til og frá Bretlandi en giltu undir EES-samningnum. Nýr fríverslunarsamningur Íslands, Noregs, Liechtenstein og Bretlands var undirritaður 8. júlí 2021 og er þess vænst að hann taki gildi á árinu 2022. Nýi samningurinn er í meginatriðum byggður upp eins og aðrir fríverslunarsamningar sem Ísland hefur gert í samstarfi við hin EFTA-ríkin en gengur mun skemur en EES-samningurinn sem áður gildi í viðskiptum við Bretland. Auk framangreindra samninga hefur verið lokið við gerð fjölmargra annarra samninga og samstarfsyfirlýsinga með það fyrir augum að tryggja náð framtíðarsamband Íslands við Bretland sem nágrannaríkis og mikilvægs viðskiptalands og heldur sú vinna áfram.

Áfram er lögð áhersla á að treysta enn frekar viðskiptasamband Íslands og Bandaríkjanna og að auka viðskiptafrelsi milli ríkjanna. Skiptir þar fast efnahagssamráð við bandaríska utanríkisráðuneytið og embætti viðskiptafulltrúa Bandaríkjaforseta miklu máli. Þáverandi utanríkisráðherra átti fund með Antony Blinken, utanríkisráðherra

Bandaríkjanna, á árinu 2021 og voru viðskiptamál ofarlega á baugi. Þá funduðu fulltrúar utanríkisráðuneytisins og EFTA-ríkjanna með fulltrúum viðskiptafulltrúa Bandaríkjaforseta í nóvember 2021. Árlegt tvíhliða efnahagssamráð var svo haldið í desember 2021 í Washington með fulltrúum Bandaríkjustjórnar þar sem efnahags- og viðskiptamál milli ríkjanna voru rædd á breiðum grundvelli.



## Staða og fjöldi aðgerða málefnasviðs 4

Ekki hafa verið skilgreind markmið, mælikvarðar eða aðgerðir fyrir málaflokk 4.50.


### Utanríkismál Málefnasvið 4

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða	Samt.
4.10 Utanríkisþjónusta og stjórnýsla utanríkismála	● 5 ● 9 ● 4	18
4.20 Utanríkisviðskipti	● 1	1
4.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál	● 1 ● 2 ● 2	5
4.50 Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs		
<b>Samtals aðgerðir</b>	● 1 ● 6 ● 11 ● 6	<b>24</b>

● Aðgerð ekki hafin  
 ● Undirbúningur hafinn  
 ● Aðgerð hafin  
 ● Aðgerð komin vel á veg  
 ● Aðgerð lokið

Markmið málaflokksins eru:

1. Standa vörð um fjölþjóðlega samvinnu og grunnildi utanríkisstefnu Íslands.
2. Standa vörð um hagsmuni íslenskra ríkisborgara erlendis.
3. Tryggja íslenskum fyrirtækjum sem bestan aðgang að erlendum mörkuðum.



### Markmið 1: Standa vörð um fjölþjóðlega samvinnu og grunngildi utanríkisstefnu Íslands.

#### Mælikvarðar fyrir markmið 1

Mælikvarði um þátttöku og ábyrgðarstöður á alþjóðavettvangi í mótun.

#### Raun 2020

Formennska í Norðurskautsráðinu (2019–21), forystuhlutverk í kynslóð jafnréttis.

#### Viðmið 2021

Formennska í ráðum skv. framboðs-röð, ná kjöri í kosningum á vettvangi alþjóðastofnana, formennska í Norðurskautsráðinu.

#### Raun 2021

Formennska í Norðurskautsráðinu, undirbúningur fyrir formennsku í Evrópuráðinu sem hefst í byrjun árs 2022, framboð til og seta í framkvæmdastjórn UNESCO.

#### Aðgerðir sem styðja við markmið 1

Auka þátttöku í svæðisbundnu samstarfi á vettvangi Norðurlanda og norðurslóða.

- Alþingi samþykkti nýja stefnu Íslands í málefnum norðurslóða 19. maí 2021. Hafin er vinna við gerð innleiðingaráætlunar fyrir stefnuna sem er m.a. ætlað að styrkja stöðir norðurslóðasamstarfs innanlands og þátttöku í svæðisbundnu og alþjóðlegu samstarfi um norðurslóðir og undirbyggja gerð rannsóknaráætlunar fyrir málaflökkinn.

Á árinu 2021 hófst undirbúningur fyrir formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2023. Sex fundir voru haldnir á vettvangi samstarfs utanríkisráðherra Norðurlandanna og fjórir ráðherrafundir Norðurlanda og Eystrasaltsríkja. Á árinu komu út skýrslur um samstarf Íslands við Grænland annars vegar og Færeyjar hins vegar. Þá var fjallað um framkvæmd tillagna Björns Bjarnasonar um eflingu norræns samstarfs í utanríkis- og öryggismálum á vettvangi utanríkisráðherra Norðurlanda á árinu.

Undirbúa formennsku Íslands í Evrópuráðinu (2022–2023).

- Markviss undirbúningur þessa mikla verkefnis fer fram í samvinnu fastanefndar og ráðuneytis. Formennskuáætlun endurspeglar áherslur Íslands í utanríkismálum og er unnin í víðtæku samráði. Jafnframt voru lögð drög að áætlun um víðtæka kynningu á listum, menningu og nýsköpun í atvinnulífi. Fastafulltrúi tók sæti í stjórnarnefnd ráðsins, sem kemur í hans hlut að stýra á formennskutímanum.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Framkvæmd 2021
Efla samstarf þvert á fagráðuneyti og auka þátttöku í samningaviðræðum, alþjóðlegum viðburðum og svæðasamstarfi, í málefnum sjálfbærrar nýtingar auðlinda, þ.m.t. á sviði hafréttar.	● Í samvinnu við ANR var gerð greining á stöðu málefna hafsins á alþjóðavettvangi með tilliti til hagsmuna Íslands. Samstarf var eftir við UAR, ANR og FOR í loftslags- auðlinda- og umhverfismálum. Tekin var forysta á alþjóðavettvangi fyrir hönd ríkja, alþjóðasamtaka og stofnana sem hafa tekið höndum saman um mikilvægi fæðu úr vötnum og höfum.
Undirbúa formennsku í Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) 2021–2022 og skipulag ráðherrafundar á Íslandi 2022. <sup>2</sup>	● Ísland gegnir formennsku í EFTA frá 1. júlí 2021 til 30. júní 2022. Áhersla hefur verið á fríverslunarviðræður við Moldóvu og að vinna að því að viðræður við Taíland hefjist að nýju. Einnig er lögð áhersla á að uppfæra eldri samninga og auka gagnsæi í störfum EFTA. EFTA-ríkin hafa einnig ákveðið að styrkja eftirlit með því að ákvæði í fríverslunarsamningum EFTA um sjálfbæra þróun séu virt, en þau fjalla um umhverfisvernd, vinnurétt og kynjajafnrétti. Unnið hefur verið að skipulagningu ráðherrafundar EFTA-ríkjanna sem fram fer í Borgarnesi í júní 2022.
Undirbúa framboð í framkvæmdastjórn UNESCO.	● Ísland var kosið í framkvæmdastjórn UNESCO á aðalráðstefnu stofnunarinnar í nóvember 2021. Stjórnin starfar í umboði aðalráðstefnu UNESCO og fylgir eftir samþykktum hennar. Ísland var jafnhliða kosið í stjórnarnefnd um mannréttindi. Norrænu löndin fimm hafa skipst á setu í stjórninni frá upphafi. Formennsku fylgir víðtæk upplýsingaskylda og samhæfing á starfi Norðurlandanna. Til að mæta auknum skyldum var sendiráðið í París styrkt og aðstaða Íslands í höfuðstöðvum UNESCO bætt.
Formennska í Norðurskautsráðinu 2019–2021.	● Tveggja ára formennskutímabili Íslands í Norðurskautsráðinu lauk með ráðherrafundi í Reykjavík 19.–20. maí 2021. Undir yfirskriftinni <i>Saman til sjálfbærni á norðurslóðum</i> var í formennskutíð Íslands lögð sérstök áhersla á málefni hafsins, loftslagsmál og endurnýjanlega orku og fólk og samfélög á norðurslóðum.
Auka þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi um umhverfis- og loftslagsmál, þ.m.t. samningaviðræðum við ESB og Noreg um innri skiptingu ábyrgðar í loftslagsmálum.	● Þátttaka aukin á vettvangi UNEP, UNFCCC og CBD með áherslu á málefni hafsins, endurnýjanlega orku og plastmengun í höfum. Viðræður um nýja hlutdeild í nýjum loftslagsmarkmiðum með ESB ekki hafnar.
Áhersla á jafnrétti og mannréttindi í alþjóðastarfi.	● Mannréttinda- og jafnréttismál eru sem rauður þráður í öllu alþjóðlegu samstarfi Íslands. Á það jafnt við um málflutning í alþjóðastofnunum þar sem það á við og innbyggðar áherslur í verkefnum í tvíhliða þróunarsamvinnu. Ísland heldur áfram að vera virkt áheyrnarríki á vettvangi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna og beitir sér markvisst fyrir aukinni virðingu fyrir mannréttindum. Á vettvangi ráðsins leiddi Ísland árið 2021 meðal annars ályktun um ástand mannréttinda í Íran og tók utanríkisráðherra Íslands þátt í ráðherraviku mannréttindaráðsins í gegnum fjarfundabúnað.

● Ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Komin vel á veg   ● Lokið

<sup>2</sup> Þessi aðgerð er tvítekin undir markmiði 1 og 3.

**Markmið 2:** Standa vörð um hagsmuni Íslenskra ríkisborgara erlendis.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Raun 2020	Viðmið 2021	Raun 2021
Hlutfall þeirra sem leita til borgarþjónustunnar sem þekkja til borgaraþjónustunnar. <sup>3</sup>	31,7%	52%	50,3%

**Aðgerðir sem styðja við markmið 2****Framkvæmd 2021**

Styrkja borgarþjónustu, bæta upplýsingar til almennings á vef, innleiða stafrænar lausnir.

- Styrking borgarþjónustu er mikilvæg fyrir þjónustu utanríkisráðuneytisins, sendiskrifstofa Íslands og ræðismanna við Íslenska ríkisborgara erlendis. Mikilvægur liður í þeirri þjónustu er skilvirk og örugg viðbrögð við umfangsmiklum neyðartilvikum erlendis. Áhersla var lögð á að hefja neyðaræfingar með sendiráðum vegna viðbragða borgarþjónustunnar og sendiráða fyrir neyðartilvik erlendis. Haustið 2021 var byrjað að halda slíkar æfingar. Þá voru alþingiskosningar haldnar árið 2021 og var lögð áhersla á að styðja sem best við framkvæmd atkvæðagreiðslu utan kjörfundar erlendis. Til þess að bæta upplýsingamiðlun til almennings var vefgáttinni [Island.is/entry](https://island.is/entry) komið á fót í byrjun árs 2021. Ferðaráðsvef ráðuneytisins vegna COVID-19 var einnig komið á fót og voru heimsóknir á vefinn tæplega 200 þúsund yfir árið.

Í samstarfi við Stafrænt Ísland var gáttin [Island.is/apostille](https://island.is/apostille) búin til. Hægt er að sækja um og greiða fyrir apostille vottun rafrænt í gegnum gáttina.

Þetta net kjöræðismanna og styrkja starfsemi þeirra til að geta þjónustað íslenska ríkisborgara erlendis.

- Kjöræðismönnum fjölgaði um einn á milli ára og voru þeir 215 í 99 ríkjum. Áhersla er á fjölgun kjöræðismanna hefur einkum beinst að strandríkjum Afríku og ríkjum Persaflóa. Athyglin beinist nú einnig að ríkjum í Eyjaálfu og Karabíska hafinu.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

<sup>3</sup> Spurningin í viðhorfskönnun breyttist á milli ára. Því er ekki fullt samræmi á milli mælikvarða í ársskýrslu og fjármálaáætlun 2021–2025.

**Markmið 3:** Tryggja íslenskum fyrirtækjum sem bestan aðgang að erlendum mörkuðum.

Mælikvarðar fyrir markmið 3	Raun 2020	Viðmið 2021	Raun 2021
Frammistaða við upptöku og innleiðingu EES-gerða (frammistöðumat ESA).	98,8 %	99,3%	98,4%
Fjöldi fríverslunarsamninga, þar á meðal við Bretland.	Við 40 ríki (EFTA) og 2 (tvíhliða)	41 og 2	40 og 2
Fjöldi loftferðasamninga.	115	120	115

**Aðgerðir sem styðja við markmið 3****Framkvæmd 2021**

Fylgja eftir forgangslista ríkisstjórnarinnar í hagsmunagæslu þegar kemur að mótun EES-löggjafar.

- Langtímastyrking sendiskrifstofunnar í Brussel. Á árinu 2021 voru níu fulltrúar ráðuneyta þar að störfum þegar best lét. Auk fulltrúa utanríkisráðuneytisins voru tveir frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og jafnframt eiga dómsmálaráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið, forsætisráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, umhverfis- og auðlindaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið hvert sinn fulltrúa. Verkerill við forgangslista um hagsmunagæslu í EES-samstarfinu var straumlínulagaður og endurbættur í gegnum EES-gagnagrunninn og vinna við gerð nýs forgangslista hófst á haustmánuðum.

Viðhalda frammistöðu við upptöku og innleiðingu EES-gerða.

- Mikil áhersla hefur verið lögð á bættu frammistöðu við upptöku og innleiðingu EES-gerða. Upp-tökuhalli jókst lítillega úr 590 í 594 frá árslokum 2020 til ársloka 2021, en staðan hélt áfram að batna á sviði fjármálaþjónustu og fór úr 77 gerðum frá ársbyrjun 2020 niður í 55 gerðir í árslok 2021. Árangur við innleiðingu EES-gerða hefur farið batnandi undanfarin ár en árangurinn 2021 var nokkuð sambærilegur fyrra ári þegar hann var aðeins lakari. Helgast það ekki síst af stuttu haustþingi þar sem ekki var hægt að afgreiða lagafrumvörp vegna innleiðinga. Engu að síður er árangurinn mun betri en hann hefur lengst af verið í sögu EES-samningsins og útlit er fyrir enn betri horfur á árinu 2022.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

## Aðgerðir sem styðja við markmið 2

## Framkvæmd 2021

Gera fríverslunarsamning og aðra nauðsynlega samninga við Bretland eftir útgöngu Breta úr ESB.

● Nýr fríverslunarsamningur Íslands, Noregs, Liechtenstein og Bretlands var undirritaður 8. júlí 2021 í London og er þess vænst að hann taki gildi á árinu 2022.

Fjölga fríverslunarsamningum og öðrum viðskiptasamningum.

● Árið 2021 stóðu yfir fríverslunarviðræður EFTA-ríkjanna við Moldóvu, Malasíu og Víetnam og um uppfærslu á fríverslunarsamningum við Chile og SACU (Tollabandalag Suður-Afríku). Fríverslunarsamningur við Indónesíu tók gildi og fríverslunarsamningur við Bretland var undirritaður.

Tryggja að stuðningur við íslenska útflutningshagsmuni verði forgangsmál við framkvæmd utanríkisstefnunnar í kjölfar COVID-19, m.a. með stofnun sérstakrar viðskiptavaktar fyrir íslensk útflutningsfyrirtæki.

● Ein af afleiðingum heimsfaraldurs var mikil truflun á aðfangakeðjum í út- og innflutningi. Viðskiptavaktin var sett á fót til að tryggja að íslensk fyrirtæki næðu tafarlaust sambandi við starfsfólk ráðuneytisins ef hætta var á að viðkvæmar vörur yrðu fyrir tjóni.

Halda reglulegar málstofur og námskeið um EES-samninginn, t.d. í samstarfi við Stjórnarráðsskólann.

● Vegna heimsfaraldurs voru fræðslustarfi vissar skorður settar á árinu. Haldið var vefnámskeið um notkun EES-gagnagrunnsins. Á haustmánuðum 2021 var gerð fræðsluáætlun sem hefur leitt til tveggja námskeiða á árinu 2022 og tvö önnur eru ráðgerð. Einnig er gert ráð fyrir þróun fræðsluefnis fyrir stjórnsýsluna sem verði aðgengilegt um rafrænt fræðsluferfi.

Undirbúa og fara í samningaviðræður vegna nýs tímabils Uppbyggingarsjóðs EES.

● Samningaviðræður við Evrópusambandið vegna nýs tímabils Uppbyggingarsjóðs EES voru undirbúnar. Viðræðurnar hófust hins vegar ekki á árinu 2021 en hefjast um mitt ár 2022. Í viðræðunum er jafnframt samið um markaðsaðgang fyrir sjávarafurðir til ESB.

Undirbúa formennsku í Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) 2021–2022 og skipulag ráðherrafundar á Íslandi 2022.<sup>4</sup>

● Ísland gegnir formennsku í EFTA frá 1. júlí 2021 til 30. júní 2022. Áhersla hefur verið á fríverslunarviðræður við Moldóvu og að vinna að því að viðræður við Taíland hefjist að nýju. Einnig er lögð áhersla á að uppfæra eldri samninga og að auka gagnsæi í störfum EFTA. EFTA-ríkin hafa einnig ákveðið að styrkja eftirlit með því að ákvæði í fríverslunarsamningum EFTA um sjálfbæra þróun séu virt, en í þeim ákvæðum er fjallað um umhverfisvernd, vinnurétt og kynjajafnrétti. Unnið hefur verið að skipulagningu ráðherrafundar EFTA-ríkjanna sem fram fer í Borgarnesi í júní 2022.

● Ekkí hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Komin vel á veg   ● Lokið

<sup>4</sup> Þessi aðgerð er tvítekin undir markmiði 1 og 3.

## 4.20 Utanríkisviðskipti

Undir málaflokkinn falla einungis framlög til Íslandsstofu, sjálfseignarstofnunar, en um hana gilda lög nr. 38/2010, með síðari breytingum. Utanríkisráðuneytið starfar náið með Íslandsstofu að því að efla íslenskan útflutning og laða ferðamenn og erlenda fjárfestingu til landsins.

Íslandsstofa flutti á seinasta ári starfsemi sína í Grósku, hugmynda-hús, þar sem fjöldi nýsköpunarfyrirtækja hefur starfsstöð. Heimsfaraldurinn setti nokkurt mark á starfsemi Íslandsstofu á árinu 2021 þar sem mörgum viðburðum var aflýst eða frestað.

Íslandsstofa og systurstofnun hennar í Svíþjóð, Business Sweden, gerðu með sér samkomulag á árinu 2021 sem gerir íslenskum fyrirtækjum kleift að nýta sér yfirgripsmikla ráðgjafarþjónustu á erlendum mörkuðum. Hjá Business Sweden starfa 450 sérfræðingar og ráðgjafar í 37 löndum. Íslandsstofa er milliliður íslenskra fyrirtækja við Business Sweden. Þjónustan er veitt á markaðsforsendum og verðlagning fer eftir eðli og umfangi verkefna hverju sinni.

Með undirritun samnings um markaðsverkefnið Skapandi Ísland í ágúst 2021 var stigið mikilvægt skref til að efla kynningu á íslenskrum menningu erlendis og tryggja skýra stefnumótun og markvisst samstarf. Markmið verkefnisins er að efla vitund um íslenskar listir og skapandi greinar á erlendum mörkuðum, auka þekkingu alþjóðlegs fagfólks á listum og skapandi greinum hér á landi og styðja við útflutning. Íslandsstofa hefur umsjón með verkefninu og sett hefur verið á fót markaðsráð lista og skapandi greina, með fulltrúum viðkomandi ráðuneyta, miðstöðva lista og skapandi greina og

Listaháskóla Íslands. Tvíhliða sendiskrifstofur Íslands gegna lykilhlutverki í verkefninu og nýtist reynsla, sambönd og staðar þekking starfsfólks sendiskrifstofanna við undirbúning og framkvæmd viðburða. Verkefninu verða lagðar til 90 m.kr. árlega til og með árinu 2025 og er því hægt að ráðast í umfangsmeiri menningarkynningar á lykilmörkuðum og gera áætlanir til lengri tíma en eins árs.

Mikil áhersla er á aukna aðkomu atvinnulífs að fjárfestingum og atvinnuskapandi verkefnum í þróunarlöndum. Íslandsstofa hefur það hlutverk að kynna fyrirtækjum tækifæri í þróunarlöndum og víðar í gegn um vefinn Heimstorg.is sem fór í loftið í mars 2021. Í samstarfi við utanríkisráðuneytið sinnir Íslandsstofa ráðgjöf og þjónustu til fyrirtækja sem hyggjast nýta sér þessi tækifæri. Þá hefur Íslandsstofa milligöngu um að kynna lausnir, vörur og þjónustu íslenskra fyrirtækja fyrir innkaupastofnun Sameinuðu þjóðanna og miðla upplýsingum til þeirra um útboð Alþjóðabankans og annarra alþjóðastofnana.

Unnið er að mati á starfsemi Íslandsstofu og útflutnings- og markaðsráði með tilliti til þess hvort þau markmið sem stefnt var að með laga-breytingu 2018 um eflingu Íslandsstofu hafi náð fram að ganga.



---

**Markmið 1:** Unnið verður eftir nýrri framtíðarstefnu fyrir íslenskan útflutning, þar hafa verið skilgreind mælanleg árangursviðmið sem verða notuð til að meta árangur af starfi.

---

Í framtíðarstefnu fyrir íslenskan útflutning hafa verið skilgreind mælanleg árangursviðmið sem verða notuð til að meta árangur af starfinu. Því voru ekki sett önnur markmið, mælikvarðar eða aðgerðir í fjármálaáætlun, heldur vísað á árangursmat Íslandsstofu sem útflutnings- og markaðsráð fylgir eftir.

---

#### Aðgerðir sem styðja við markmið 1

Hlutverk viðskiptafulltrúa við sendiráð Íslands verða endurskilgreind ásamt ábyrgð og fjármögnun verkefna.

#### Framkvæmd 2021

- Viðskiptafulltrúar starfa undir stjórn sendiherra á hverri starfsstöð. Fagleg samræming og verkstjórn viðskiptafulltrúa í verkefnum er snúa að þjónustu við útflutningsfyrirtæki og atvinnugreinar hafa færst á hendi Íslandsstofu. Fjármagn frá Íslandsstofu fylgir verkefnum. Íslandsstofa og viðskiptafulltrúi, í samráði við sendiherra á hverjum stað, vinna sameiginlega áætlun fyrir starf komandi árs.

● Ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Komin vel á veg   ● Lokið

---

<sup>5</sup> Stefnuna er að finna á [stefnumotun.islandstofa.is](http://stefnumotun.islandstofa.is)



## 4.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál

Hornsteinar öryggis og varna Íslands eru aðildin að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningurinn við Bandaríkin. Þjóðaröryggisstefna fyrir Ísland er það leiðarljós sem starfað er eftir í öryggis- og varnarmálum. Grunnforsenda hennar er staða Íslands sem herlausrar eyþjóðar sem tryggir öryggi og varnir með virkri samvinnu við önnur ríki og innan alþjóðastofnana.

Hinn 5. maí 2021 var þess minnst að sjöttíu ár voru liðin frá undirritun varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna. Viðbætur hafa verið gerðar við samninginn í gegnum tíðina og samstarfið þróað áfram í takt við breytingar á öryggisumhverfi okkar heimshluta og tekur nú til mun fleiri þátta en áður.

Atlantshafsbandalagið (NATO) er meginvettvangur samstarfs og samráðs á sviði öryggis- og varnarmála. Á liðnu ári hverfðist starf bandalagsins annars vegar um fælingu og varnir og samskiptin við Rússland, í samhengi við hernaðaruppbyggingu Rússlands í og við Úkraínu, en hins vegar um lok aðgerða bandalagsins í Afganistan. Þá voru viðbrögð við loftslagsvánni, hryðjuverkaógnir, fjölþáttaógnir, byltingarkennd tækniþróun og þær áskoranir sem gætu fylgt auknum umsvifum og áhrifum Kína einnig ofarlega á baugi.

Eitt helsta framlag Íslands á vettvangi Atlantshafsbandalagsins felst í gistiríkisstuðningi og í því að tryggja öruggan rekstur varnarmannvirkja, eftirlits- og samskiptakerfa og búnaðar hér á landi. Rekstur og viðhald varnarmannvirkja er forsenda þess að Ísland geti staðið við rekstrar- og gistiríkisskuldbindingar sem byggjast á varnarsamningnum við Bandaríkin og aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu.

Ráðist hefur verið í umtalsverð viðhalds- og endurbótaverkefni að undanförunu sem eru að mestu leyti kostuð af Atlantshafsbandalaginu og Bandaríkjunum. Heimsfaraldurinn hefur falið í sér talsverðar áskoranir fyrir starfseminu á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Í góðri samvinnu við embætti landlæknis hefur þó tekist að tryggja framkvæmd verkefna.

Vægi fjölþjóðasamstarfs um öryggis- og varnarmál hefur vaxið undanfarin ár vegna breytinga í öryggisumhverfi Evrópu. Aukinn þungi var í samstarfi um öryggis- og varnarmál á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og í svæðisbundnu samstarfi á borð við norræna varnarsamstarfið (NORDEF), Norðurhópin og Sameiginlegu viðbragðssveitina (JEF) sem Bretland leiðir og Ísland gerðist aðili að í apríl. Í september var undirrituð sameiginleg yfirlýsing Íslands og Svíþjóðar um samstarf í varnarmálum.

Ríki og aðilar þeim tengdir beita í auknum mæli fjölþáttaógnum, þ.m.t. netógnum, til að ná markmiðum sínum. Þessi þróun krefst aukinnar árvekni á fleiri sviðum en áður og markvisst er unnið að því að byggja upp þekkingu og auka samráð, samhæfingu, samstarf og áætlanagerð innanlands og með þátttöku í alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði. Á árinu 2021 gerðist Ísland aðili að Evrópska öndvegissetrinu um fjölþáttaógnir í Helsinki og undirbúningur að aðild Íslands að öndvegissetri Atlantshafsbandalagsins um netöryggi í Tallinn er langt kominn. Þá undirrituðu utanríkisráðuneytið og netöryggissveit Fjarskiptastofu (CERT-IS) samstarfssamning í september 2021 og aukin áhersla hefur verið lögð á vistaskipti milli lykilstofnana á sviði netöryggismála hérlendis.





Markmið í málaflokknum eru:

1. Efla varnir Íslands í ljósi breytts ástands öryggismála á Norður-Atlantshafi og aukins mikilvægis Íslands í varnarsamstarfinu. Hnattræn lega Íslands gegnir lykilhlutverki í liðs- og birgðaflutningum yfir hafið og vörnum á svæðinu milli Grænlands, Íslands og Bretlands.
2. Efla virka þátttöku Íslands í öryggis- og varnarsamstarfi á vettvangi NATO, NORDEFCO og ÖSE með virku samstarfi við grannríkin og bandalagsríki á sviði öryggismála.
3. Efla gistiríkisstuðning og viðbúnaðargetu Íslands þannig að tryggt sé að ávallt sé til staðar fullnægjandi gistiríkisstuðningur, viðbúnaðargeta, öryggi og sérfræðikunnátta til þess að taka á móti liðsafla á friðartímum sem og hættu- eða ófriðartímum ef þörf krefur.

**Markmið 1:** Efla varnir Íslands í ljósi breytts ástands öryggismála á Norður-Atlantshafi og aukins mikilvægis Íslands í varnarsamstarfinu. Hnattræn lega Íslands gegnir lykilhlutverki í liðs- og birgðaflutningum yfir hafið og vörnum á svæðinu milli Grænlands, Íslands og Bretlands.

#### Mælikvarðar fyrir markmið 1

	Raun 2020	Viðmið 2021	Raun 2021
Fjöldi varnar- og skrifborðsæfinga sem Ísland tekur þátt í.	2	1	4

#### Aðgerðir sem styðja við markmið 1

Virk þátttaka Íslands í starfi NATO, ÖSE, NORDEFECO og Sameinuðu þjóðanna á sviði öryggis- og varnarmála, m.a. með þátttöku í æfingum.

#### Framkvæmd 2021

- Ísland leggur af mörkum til varna landsins með virkri þátttöku í starfsemi Atlantshafsbandalagsins. Fastanefnd Íslands hjá bandalaginu gegnir mikilvægu málsvarastarfi innan bandalagsins. Ísland leggur af mörkum til sameiginlegra varna bandalagsríkja með því að tryggja öruggan rekstur varnarmannvirkja og -búnaðar á Íslandi. Gistiríkisstuðningur sem Ísland veitir bandalagsríkjum hér á landi vegna loftrýmiseftirlits, loftrýmisgæslu og kafbátaeftirlits felur í sér beint framlag Íslands til Atlantshafsbandalagsins. Ísland sendir borgaralega sérfræðinga (nú árið 2021) til starfa á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, Sameinuðu þjóðanna og Sameiginlegu viðbragðssveitarinnar (Joint Expeditionary Force, JEF). Þannig styður Ísland við samstarf á vettvangi þessara stofnana. Ísland tók þátt í NATO æfingunni Dynamic Mongoose, tveimur æfingum á vegum JEF, og hýsti sprengjueyðingaræfinguna Northern Challenge. Ísland tekur jafnframt virkan þátt í norræna varnarsamstarfinu (NORDEFECO) og samstarfi á vettvangi JEF. Ísland sinnti áfram virku málsvarastarfi á vettvangi ÖSE og Sameinuðu þjóðanna.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

**Markmið 2:** Efla virka þátttöku Íslands í öryggis- og varnarsamstarfi á vettvangi NATO, NORDEFECO og ÖSE með virku samstarfi við grannríkin og bandalagsríki á sviði öryggismála.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Raun 2020	Viðmið 2021	Raun 2021
Hlutfall fjárveitinga og styrkja til framkvæmda hér á landi úr sjóðum NATO og með vísan til varnarsamningsins.	3.340 m.kr. 126%	3.000 m.kr. 123%	4.000 m.kr. 139%
Viðvera bandalagsríkja hér á landi, mæld í fjölda daga og fjölda þátttakenda.	365/2.581	365/1.500	365/2.850

#### Aðgerðir sem styðja við markmið 2

#### Framkvæmd 2021

Viðhalda varnarmannvirkjum og kerfum, þ.m.t. uppfæra ratsjárkerfið og stjórnstöðvarkerfið (ACCS) vegna þátttöku Íslands í loftrýmisefirliti, loftrýmisgæslu og eftirliti með hafinu.

● Viðhaldi og uppfærslu á ratsjárkerfum lokið.

● Ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Komin vel á veg   ● Lokið

**Markmið 3:** Efla gistiríkisstuðning og viðbúnaðargetu Íslands þannig að tryggt sé að ávallt sé til staðar fullnægjandi gistiríkisstuðningur, viðbúnaðargeta, öryggi og sérfræðikunnátta til þess að taka á móti liðsafla á friðartímum sem og hættu- eða ófriðartímum ef þörf krefur.

Mælikvarðar fyrir markmið 3	Raun 2020	Viðmið 2021	Raun 2021
Fjöldi krafna um úrbætur eða breytingar á þjónustu úr gæðaeftirlitsskoðunum Landhelgisgæslu og stofnana NATO skv. skýrslum þjóða sem nýta gistiríkisstuðning.	<5%	< 5%	<5%
Fjöldi gistirýma innan öryggissvæðisins.	220	320	220

## Aðgerðir sem styðja við markmið 3

## Framkvæmd 2021

Senda einn starfsmann á ári á námskeið hjá bandalagsríkjunum og stofnunum Atlantshafsbandalagsins sem vinnur að loftrýmisgæslu og rekstri ratsjárkerfisins.

● Vegna COVID-19 var starfsmaður ekki sendur á námskeið á árinu.

Fjölga ríkjum sem sinna loftrýmisgæslu á Íslandi með það að markmiði að þetta loftrýmisgæslu.

● Þrjú ríki sinntu loftrýmisgæslu: Bandaríkin, Noregur og Pólland, sem tók þátt í verkefninu í fyrsta sinn. Loftrýmisgæsla ríkjanna varði samtals í u.þ.b. 13 vikur.

Fjölga gistirýmum á öryggissvæðunum.

● Byggingu nýs gistiskála lauk að mestu en tafrir urðu á afhendingu efnis vegna COVID-19 og því var aðgerð ekki lokið á árinu.

● Ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Komin vel á veg   ● Lokið



## 35.10 Þróunarsamvinna

Alþjóðleg þróunarsamvinna er á ábyrgð utanríkisráðherra og fellur undir málefna svið 35. Lunginn af tvíhliða þróunarsamvinnu fer fram í samstarfslöndunum Malaví og Úganda þar sem Ísland er með sendiskrifstofur. Starfið þar byggist að mestu leyti á samstarfi við héraðs-yfirvöld í dreifbýli. Ísland hefur einnig látið til sín taka í Vestur-Afríku með samstarfi við Síerra Leóne og Líberíu, einkum í fiski- og jafnréttismálum í samvinnu við heimamenn. Í undirbúningi er opnun sendiskrifstofu í Síerra Leóne sem þá verður þriðja samstarfsland Íslands í tvíhliða þróunarsamvinnu.

Fjölþjóðastarfið vinnst með alþjóðlegum stofnunum og fastanefndum Íslands í New York, Genf, Vín, Róm og París. Alþjóðabankinn, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) eru áherslustofnanir Íslands í fjölþjóðlega starfinu. Mannúðarstarfið, sem sífellt verður umfangsmeira, vinnst með stofnunum Sameinuðu þjóðanna og félagasamtökum. Til viðbótar styður ráðuneytið félagasamtök sem sinna alþjóðlegu þróunar- og mannúðarstarfi og fyrirtæki sem stuðla að atvinnustarfsemi og aukinni hagsæld í anda heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Þá vinnur GRÓ Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu að því að byggja upp færni og þekkingu í þróunarlöndunum á sviðum þar sem Ísland býr yfir sérþekkingu. Í því skyni starfrækir GRÓ Jafnréttisskólann, Jarðhitaskólann, Landgræðsluskólann og Sjávarútvegsskólann sem vinna að því að efla getu einstaklinga, samtaka og stofnana í þróunarlöndunum og á áttaksvæðum.

Áhrif heimsfaraldursins á starf Íslands á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu voru enn greinanleg á árinu 2021. Má þar helst nefna tafir á verkefnum á vettvangi og samstarfi sem beint var í nýjan farveg. Þá var stuðningur til mannúðarmálefna aukinn og framlög til fjölþjóðastofnana nýtt til að tryggja sem flestum aðgang að bóludefni.

Unnið er að 10 af 17 heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og er hér fjallað um lítinn hluta af markmiðasetningu og starfi Íslands innan málaflokksins.

## Alþjóðleg þróunarsamvinna Málefnasvið 35

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða	Samt.
35.10 Þróunarsamvinna	● 2 ● 1 ● 3 ● 8	14
Samtals aðgerðir	● 2 ● 1 ● 3 ● 8	14

● Aðgerð ekki hafin  
 ● Undirbúningur hafinn  
 ● Aðgerð hafin  
 ● Aðgerð komin vel á veg  
 ● Aðgerð lokið

Markmið málaflokksins eru:

1. **Uppbygging félagslegra innviða og störf í þágu friðar.**
2. **Verndun jarðarinnar og sjálfbær nýting náttúruauðlinda.**
3. **Bætt þjónusta við borgarana.**



**Markmið 1:** Uppbygging félagslegra innviða og störf í þágu friðar, heilsa og hreinlæti á samstarfssvæðum í Malaví og Úganda og alþjóðleg mannúðar- og neyðaraðstoð:

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2020	Viðmið 2021	Raun 2021
-----------------------------	-----------	-------------	-----------

Lækkuð tíðni mæðra- og barnadauða í Mango-chi-héraði í Malaví:

a. Hlutfall kvenna í skoðun snemma á meðgöngu.	a. 16%	a. 18%	a. 17%
b. Hlutfall fæðinga undir stjórn faglærðra.	b. 68%	b. 80%	b. 65%
c. Bólusetningar barna á fyrsta ári.	c. 90,5%	c. 86%	c. 72%

Bætt aðgengi að heilnæmu vatni og hreinlætisaðstöðu í skólum og heilbrigðisstofnunum í héruðum í norðurhluta Úganda sem taka á móti flóttamönnum frá Suður-Súdan:<sup>6</sup>

a. Fjöldi kvenna og stúlkna sem njóta góðs af bættri þjónustu.	a. 10.201 <sup>7</sup>	a. 22.185 <sup>9</sup>	a. 17.851 <sup>13</sup>
b. Fjöldi karla og drengja sem njóta góðs af bættri þjónustu.	b. 9.800 <sup>8</sup>	b. 21.315 <sup>10</sup>	b. 17.250 <sup>14</sup>
c. Fjöldi einstaklinga í skólanefndum sem hljóta þjálfun í hreinlætiskennslu og umsýslu með hreinlætisaðstöðu.	c. 50	c. 135 <sup>11</sup>	c. 100
d. Fjöldi kennara sem hljóta þjálfun í vitundarvakningu og umhirðu hreinlætisaðstöðu.	d. 50	d. 135 <sup>12</sup>	d. 100

<sup>6</sup> Árangurstölur fyrir 2020 eru frá mars 2020 til mars 2021, árangurstölur fyrir 2021 eru frá mars 2021 til mars 2022.

<sup>7</sup> 2.550 stúlkur í grunnskólum, 3.290 stúlkur og 4.361 konur sem nýttu sér heilbrigðisþjónustu.

<sup>8</sup> 2.450 drengir í grunnskólum, 3.161 drengir og 4.189 karlar sem nýttu sér heilbrigðisþjónustu.

<sup>9</sup> Viðmið fyrir lok árs 2022 skv. verkefnaskjali.

<sup>10</sup> Viðmið fyrir lok árs 2022 skv. verkefnaskjali.

<sup>11</sup> Viðmið fyrir lok árs 2022 skv. verkefnaskjali.

<sup>12</sup> Viðmið fyrir lok árs 2022 skv. verkefnaskjali.

<sup>13</sup> 7.650 konur og stúlkur: 2.550 stúlkur í grunnskólum, 2.193 stúlkur og 2.907 konur sem nýttu sér heilbrigðisþjónustu á tímabilinu.

<sup>14</sup> 7.450 drengir og menn: 2.550 drengir í grunnskólum, 2.107 drengir og 2.793 karlar sem nýttu sér heilbrigðisþjónustu á tímabilinu.



Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2020	Viðmið 2021	Raun 2021
Skjót endurreisn og aukinn viðnámsþróttur:			
a. Framlög Íslands til samþæfingarskrifstofu aðgerða SP í mannúðarmálum (OCHA).	a. 70,1 m.kr	a. 64 m.kr. <sup>15</sup>	a. 64 m.kr
b. Framlög Íslands til sjóðs SP vegna neyðaraðstoðar (CERF).	b. 40 m.kr	b. 50 m.kr	b. 95 m.kr
c. Framlög Íslands til Flóttamannastofnunar SP (UNHCR).	c. 63 m.kr	c. 64 m.kr. <sup>16</sup>	c. 63 m.kr

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Framkvæmd 2021
Byggðapróunarverkefni í Mangochi-héraði í Malaví: lækka tíðni mæðra- og barnadaða.	<p>● Verkefnið var framlengt til mars 2023 en árið 2021 var áttunda fæðingardeildin opnuð og forvarnir styrktar. Deildirnar eru í afskekktum sveitum og tryggja samanlagt um 43 þúsund konum mæðravernd og fæðingarþjónustu. Kórónuveirufaraldurinn jók álag á heilbrigðiskerfið í landinu sem var veikt fyrir. Bakslag varð í forvörnum og lýðheilsuáðgerðum eins og mæðravernd og ungbarnabólusetningum, m.a. vegna hræðslu af völdum misvísandi skilaboða um COVID-19. Lokun skóla í sex mánuði olli fjölgun barnahjónabanda og ótímabærum þungunum táningsstúlkna, sem eru tregar til að sækja sér fæðingaraðstoð.</p> <p>Sérstakur stuðningur til að bregðast við kórónuveirunni fólst m.a. í þjálfun 500 heilbrigðisstarfsmanna. Bólusetningarherferð náði til rúmlega 6.200 manns í dreifbýli Mangochi á þremur dögum. Frá upphafi faraldursins hafa rúmlega 633 þúsund manns í fjórum sveitarfélögum fengið sóttvaskilaboð með aðstoð Íslands. Á árunum 2020–2021 voru einnig 222 ný vatnsból, borholur og brunnar verið teknir í notkun og 35 þúsund manns hefur verið tryggður aðgangur að hreinu vatni.</p>
Bætt aðgengi að heilnæmu vatni og hreinlætisaðstöðu í skólum og heilbrigðisstofnunum í héruðum í norðurhluta Úganda sem taka á móti flóttamönnum frá Suður-Súdan.	<p>● Þriggja ára samningur sem nær út árið 2022 er í gildi við UNICEF í Úganda um uppbyggingu vatns- og salernisaðstöðu í heilsumgæslustöðvum og skólum í flóttamannabyggðum. Uppbyggingin fer fram í héruðunum Arua og Adjumani í norðvesturhluta Úganda og áætlað er að ríflega 43 þúsund manns njóti góðs af verkefninu. Viðmið byggjast á heildarárangri verkefnis í lok árs 2022. Framgangur verkefnis var með ágætum og samkvæmt áætlunum.</p>

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

<sup>15</sup> Háð gengi, upphæð skv. samningi 500.000 bandaríkjadalir.

<sup>16</sup> Háð gengi, upphæð skv. samningi 500.000 bandaríkjadalir.

**Aðgerðir sem styðja við markmið 1**

**Framkvæmd 2021**

Skjót endurreisn og aukinn viðnámsþróttur: aukin fram-  
lög til mannúðarstofnana Sameinuðu þjóðanna (OCHA,  
CERF og UNCHR).

● Rammasamningar hafa verið gerðir við áherslustofnanir Íslands á sviði mannúðaraðstoðar. Slíkir samningar skuldbinda Ísland til nokkurra ára í senn og stuðla þeir að stöðugleika og auðveldu áætlanagerð í starfi mannúðarstofnana. Fyrirsjáanleiki dregur úr fjárhagslegri óvissu og kemur þannig í veg fyrir óþarfar tafir þegar skjótra viðbragða er þörf. Ísland stóð við allar sínar skuldbindingar gagnvart mannúðarstofnunum Sameinuðu þjóðanna, auk þess sem viðbótarframlag var veitt til sjóðs Sameinuðu þjóðanna vegna neyðaraðstoðar (CERF) sem nemur 45 milljónum árið 2021 til að bregðast við vaxandi neyð.

● Ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Komin vel á veg   ● Lokið

**Markmið 2: Kolefnislaus framtíð: verndun jarðarinnar og sjálfbær nýting náttúruauðlinda (orkumál, líf í vatni og mótvægis- og aðlögunarhæfni vegna loftslagsbreytinga).**

**Mælikvarðar fyrir markmið 2**

**Raun 2020**

**Viðmið 2021**

**Raun 2021**

**2.1: Aukin nýting jarðhita og annarra endurnýjanlegra orkugjafa:**

a. Fjöldi útskrifaðra nemenda úr Jarðhitaskólanum á ári.	a. 0 <sup>17</sup>	a. 26	a. 25
b. Fjöldi styttri námskeiða Jarðhitaskólans í þróunarríkjum á ári.	b. 0 <sup>18</sup>	b. 3 <sup>19</sup>	b. 3
c. Fjöldi jarðhitaverkefna sem íslenskir sérfræðingar veita ráðgjöf í á ári.	c. 3	c. 3	c. 4
d. Fjöldi einstaklinga með aðgang að bættri eldunaraðstöðu í Mangochi-héraði.	d. 70.000	d. 120.000	d. 91.800

**2.2: Verndun og sjálfbær nýting hafs og vatna:**

a. Fjöldi útskrifaðra nemenda úr Sjávarútvegsskólanum á ári.	a. 24	a. 26	a. 0 <sup>21</sup>
b. Fjöldi styttri námskeiða Sjávarútvegsskólans í þróunarríkjum á ári.	b. 0 <sup>20</sup>	b. 3	b. 1 <sup>22</sup>
c. Fjöldi sjávarútvegsverkefna sem íslenskir sérfræðingar veita ráðgjöf í á ári.	c. 3	c. 5	c. 2

<sup>17</sup> Starfsemin raskaðist vegna COVID-19 og ekki reyndist unnt að bjóða nemendum til landsins.

<sup>18</sup> Starfsemin raskaðist vegna COVID-19 og ekki reyndist unnt að halda námskeið á vettvangi.

<sup>19</sup> Tvö námskeiðanna voru fjarnámskeið, ætluð fyrir sérfræðinga frá þróunarlöndum, en kennd í fjarkennslu vegna COVID-19.

<sup>20</sup> Starfsemin raskaðist vegna COVID-19 og ekki reyndist unnt að halda námskeið á vettvangi.

<sup>21</sup> Starfsemin raskaðist vegna COVID-19 og ekki voru útskrifaðir nemendur á árinu, en skólinn tók á móti 27 nemendum sem útskrifast á árinu 2022.

<sup>22</sup> Starfsemin raskaðist vegna COVID-19 og ekki reyndist unnt að halda námskeið á vettvangi. Eitt námskeið, sem venjulega er haldið á vettvangi, var haldið á netinu.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Raun 2020	Viðmið 2021	Raun 2021
d. Fjöldi umhverfis- og heilsuvænna reykofna fyrir fisk byggður í sjávarþorpum á ári.	d. 0	d. 100	d. 0
e. Fjöldi löndunarstöðva sem eru hreinsaðar af rusli og plasti á ári í Vestur-Afríku.	e. 0	e. 3	e. 0 <sup>23</sup>
<b>2.3: Aukin mótvægis- og aðlögunarhæfni samfélaga vegna áhrifa loftslagsbreytinga:</b>			
a. Fjöldi umhverfisverkefna sem íslenskir sérfræðingar veita ráðgjöf í á ári.	a. 0	a. 2	a. 4
b. Framlög Íslands til Græna loftslagssjóðsins.	b. 400.000 USD	b. 400.000 USD	b. 600.000 USD <sup>24</sup>

## Aðgerðir sem styðja við markmið 2

## Framkvæmd 2021

Menntun og þjálfun sérfræðinga frá þróunarríkjum á sviði jarðhita (aðgerð 2.1).

- Jarðhitaskóli GRÓ býður að jafnaði upp á sex mánaða nám fyrir starfandi sérfræðinga frá þróunarlöndum og heldur styttri námskeið í samstarfsríkjum. Hefðbundið starf skólans raskaðist 2020 vegna COVID-19 faraldursins en árið 2021 útskrifaði skólinn 25 nemendur úr sex mánaða námi. Jarðhitaskólinn stendur venjulega fyrir stuttum námskeiðum á vettvangi í El Salvador fyrir ríki í Mið- og S-Ameríku og Karíbahafi og námskeiði í Kenía fyrir Afríkuríki. Ekki var unnt að halda fyrrnefnda námskeiðið árið 2021 vegna COVID, en námskeiðið í Kenía fór fram, að venju í samstarfi við þarland orkufyrirtæki, og voru 50 þátttakendur frá 14 löndum. Þá voru tvö netnámskeið haldin á árinu. Annað var yfirlitsnámskeið um jarðhita fyrir Afríkulönd með 64 þátttakendum og hitt var haldið í samstarfi við Alþjóðabankann.

Íslenskir sérfræðingar veita ráðgjöf til alþjóðlegra verkefna alþjóðastofnana á sviði jarðhita (aðgerð 2.1).

- Ráðgjafalisti jarðhitasérfræðinga er starfræktur í samvinnu við Alþjóðabankann. Íslenskir sérfræðingar leggja bankanum lið í alþjóðlegum verkefnum. Þetta er hluti af viðleitni Íslands til að miðla sérþekkingu í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Íslenskir sérfræðingar á sviði jarðhita komu að fjórum alþjóðlegum verkefnum árið 2021. Eitt þeirra var í El Salvador, annað Kasakstan og tvö hjá orkusjóði Alþjóðabankans (ESMAP) í höfuðstöðvum bankans í Washington DC.

● Ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Komin vel á veg   ● Lokið

<sup>23</sup> Svæðaverkefni lauk 2020.

<sup>24</sup> Viðmið fyrir árið 2021 var 400.000 USD en viðbótarstuðningur var veittur og heildarframlag Íslands 2021 nam 600.000 USD.

## Aðgerðir sem styðja við markmið 2

## Framkvæmd 2021

Veita einstaklingum aðgang að bættri eldunaraðstöðu í Mangochi-héraði, Malaví (aðgerð 2.1).

- Í viðleitni til að auka aðgang að orku, draga úr orkusóun og stuðla að notkun endurnýjanlegrar orku í Mangochi-héraði í sunnanverðri Malaví, starfar sendiráð Íslands með Energising Development (EnDev). Einn hluti verkefnisins felst í notkun á orkusparandi eldstæðum. Markmiðið er að minnka notkun eldiviðar um tæp 4.000 tonn og draga úr losun koltvísýrings um 2.432 tonn. Vegna COVID-19 frestaðist framkvæmd verkefnisins fram á mitt ár 2021 og því náðust markmiðin ekki að fullu. Þó hefur umtalsverður árangur náðst og verkefnið er komið í góðan farveg á ný.

Menntun og þjálfun sérfræðinga frá þróunarrikkjum á sviði sjávarútvegs (aðgerð 2.2).

- Sjávarútvegsskóli GRÓ býður að jafnaði upp á sex mánaða nám fyrir starfandi sérfræðinga frá þróunarlöndum og heldur styttri námskeið í samstarfsríkjum. Hefðbundið starf skólans raskaðist 2020 og 2021 vegna COVID-19 faraldursins. Skólinn náði að útskrifa 24 nemendur úr sex mánaða námi 2020, sem höfðu komið til landsins áður en faraldurinn skall á. Fresta þurfti komu næsta hóps frá hausti 2020 til 2021, en þá tók skólinn á móti 27 nemendum sem útskrifuðust á árinu 2022. Sjávarútvegsskólinn hélt eitt netnámskeið árið 2021 sem venjulega er haldið á vettvangi vegna COVID-19 faraldursins. Þátttakendur voru fimm tíu. Þá voru kennslumyndbönd framleidd árið 2020 og gerð aðgengileg á netinu árið 2021.

Bygging heilsu- og umhverfissvænna reykofna fyrir sjávarþorp sem hluti af svæðaverkefni Íslands í Síerra Leóne og Líberíu (aðgerð 2.2).

- Umhverfissvænir reykofnar fyrir fiskvinnslu byggjast á íslensku hugviti. Ofnarnir auka gæði aflans, draga úr heilsuspillandi áhrifum reyks á starfsfólk, sem eru aðallega konur, minnka brennslu eldiviðar og auka nýtingu og virði fiskafurða. Gert var ráð fyrir að halda áfram uppbyggingarstarfi í Síerra Leóne og Líberíu árið 2021 með því að byggja ofna og veita tengda þjálfun. COVID-19 faraldurinn setti hins vegar strik í reikninginn og framkvæmdum var því frestað.

Hreinsun rusls og plasts á löndunarstöðvum í Vestur-Afríku (aðgerð 2.2).

- Í svæðaverkefni í Vestur-Afríku hefur rík áhersla verið lögð á hreinsun strandsvæða og að auka hreinlæti á löndunarstöðum afla. Fimm strandlengjur við löndunarstöðvar voru hreinsaðar af plasti og rusli árið 2019 en heimsfaraldurinn varð þess valdandi að framkvæmd verkefna frestaðist árin 2020 og 2021.

Íslenskir sérfræðingar veita ráðgjöf til alþjóðlegra umhverfisverkefna alþjóðastofnana (aðgerð 2.3).

- Sjálfbær nýting náttúruauðlinda, umhverfis- og loftslagsmál eru áherslusvið í íslenskri þróunarsamvinnu og er þróunarframlag Íslands m.a. veitt í formi tæknilegrar aðstoðar á þessum sviðum. Á árinu var ráðgjafalistum ráðuneytisins fjölgað í samræmi við áherslusvið Íslands og var sérfræðingum á sviði landgræðslu og landnýtingar og vatnsaflsvirkjana bætt í þennan hóp sérfræðinga. Íslenskir

**Aðgerðir sem styðja við markmið 2****Framkvæmd 2021**

sérfræðingar á sviði vatnsafls veittu sérfræðiráðgjöf í fjögur verkefni á árinu 2021. Eitt verkefni var á Saó Tóme og Prinsípe og eitt í Líberíu, auk tveggja verkefna hjá orkusjóði Alþjóðabankans (ESMAP) í höfuðstöðvum bankans í Washington DC.

Ísland leggur sitt af mörkum til Græna loftslagssjóðs Sameinuðu þjóðanna (aðgerð 2.3).

- Í takt við áherslur stjórnvalda á að leggja sín lóð á vogarskálarnar fyrir umhverfis- og loftslagsmál var framlag til Græna loftslagssjóðsins aukið úr 400.000 bandaríkjadollurum í 600.000 árið 2021.

● Ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Komin vel á veg   ● Lokið

**Markmið 3: Bætt þjónusta við borgarana.****Mælikvarðar fyrir markmið 3**

Ekki voru skilgreindir mælikvarðar fyrir markmið 3 í fjármálaáætlun en markmiði 3 var bætt inn í fjárlagafrumvarp ársins 2021 og er hér gerð grein fyrir framkvæmd aðgerða.

**Aðgerðir sem styðja við markmið 3****Framkvæmd 2021**

Innleiðing á árangursstjórnunarkerfi til að auka skilvirkni og gagnsæi.

- Grunnur að viðbót við gagnagrunn í þróunarsamvinnu fyrir árangursstjórnun liggur fyrir en vinna að uppfærslu hugbúnaðar stendur enn yfir. Stefnt er að innleiðingu fyrir lok árs 2022.

Innleiðing á rafrænum ferlum fyrir styrkumsóknir samstarfsaðila.


- Rafrænar styrkumsóknir voru innleiddar í gegnum island.is fyrir styrkumsóknir frjálsra félagsamtaka og fyrirtækja vegna verkefna á sviði þróunarsamvinnu.

Opin gagnvirk vefsíða fyrir framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu (openaid.is).

- Gagnvirkt vefsvæði, [openaid.is](https://openaid.is) var formlega opnað 26. ágúst 2021. Um er að ræða gagnagrunn um stuðning Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu þar sem almenningi og haghöfum gefst kostur á að rýna í opinber framlög Íslands til málaflöksins. Markmið gagnagrunnsins er að auka gagnsæi í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands og gefa betri yfirsýn yfir það hvernig framlagi íslenskra skattgreiðenda er varið.

● Ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Komin vel á veg   ● Lokið

## Uppsafnað frávik



Fjárhæðir í milljónum króna

Frávik á einstaka liðum eru óveruleg eða innan 4% af heildarframlögum, nema á liðunum Varnarmál, Sendiráð Íslands og Alþjóðastofnanir.

Uppsafnað frávik á liðnum Varnarmál 194,9 m.kr. má rekja til jákvæðrar afkomu innan ársins sem nam 103,4 m.kr. og 91,5 m.kr. fluttra fjárheimilda frá fyrra ári. Þetta má rekja til áhrifa heimsfaraldursins sem leiddi til frestunar á undirbúningi og framkvæmd varnaræfinga, vinnuferða og tafa sem hafa orðið á samningsbundnum framkvæmdum á varnarsvæðinu og gert er ráð fyrir að komi til ráðstöfunar á árinu 2022.

Á fjárlagaliðnum Sendiráð Íslands var afkoman jákvæð sem nemur 455,1 m.kr. Fluttar fjárheimildir frá fyrra ári námu 308,8 m.kr. og afkoma innan ársins var jákvæð um 146,3 m.kr., sem skýrist að mestu vegna tafa sem urðu á viðburðum og viðhaldsframkvæmdum vegna heimsfaraldurs. Gengis- og verðlagsbætur námu 355,0 m.kr.

Á liðnum Alþjóðastofnanir voru frávik frá áætlun 783,5 m.kr. Helsta skýringin eru frávik sem hafa orðið á greiðslu framlaga til Uppbyggingarsjóðs EES. Greiðslur til sjóðsins sem voru innheimtar á árinu voru rúmur helmingur af því sem áætlað hafði verið og skýrir það frávik sem nemur 697,6 m.kr. Verkefni sjóðsins hafa frestast af ýmsum ástæðum, m.a. vegna heimsfaraldurs og gert er ráð fyrir auknum greiðslum til sjóðsins á yfirstandandi ári vegna þess.

---

# Viðspyrnuaðgerðir vegna heimsfaraldurs

---



## Viðspyrnuaðgerðir vegna heimsfaraldurs

Heimsfaraldurinn hélt áfram að setja mark sitt á rekstur utanríkisráðuneytisins árið 2021. Vegna ferðatakmarkana og samfélagslegra lokana víða um heim voru ferðir vegna fundarsóknar og annarra viðburða í lágmarki og afleiðingin varð lækun á ferðakostnaði ráðuneytisins. Á móti kemur að ferðakostnaður vegna óhjákvæmilegra ferða var mun hærri en gert hafði verið ráð fyrir. Ýmsum fundum og viðburðum á vegum utanríkisþjónustunnar, heima og að heiman, var aflýst, þeim frestað eða þeir færðir yfir á rafrænt form og þá frestuðust viðhaldsframkvæmdir hjá sendiskrifstofum vegna faraldursins. Sóttvarnarráðstafanir höfðu áfram mikil áhrif á alla starfsemi utanríkisþjónustunnar, bæði hér heima og eins á sendiskrifstofum. Takmarka þurfti aðgengi að vinnustöðum og biðja þá sem tók höfðu á að vinna heima. Annarri starfsemi þurfti að sinna á vöktum með ströngum umgengnisreglum.

Utanríkisþjónustan hefur lagt áherslu á að takmarka áhrif heimsfaraldursins eins og kostur er fyrir almenning og efnahagslíf og leita tækifæra fyrir land og þjóð. Hefur því verið kappkostað að aðstoða viðskiptalífið við þær fjölmörgu áskoranir sem faraldrinum fylgja. Viðskiptavakt sem sett var á laggirnar árið 2020 er áfram starfrækt. Þangað geta fyrirtæki leitað með brýn úrlausnarefni sem ekki geta beðið hefðbundins skrifstofutíma og kalla á aðkomu stjórnvalda. Þá var í samstarfi við önnur ráðuneyti og stofnanir liðkað fyrir að fólk í brýnum erindagjörðum kæmist til landsins, t.d. vegna stórra kvikmyndaverkefna. Stafræn tækni var einnig nýtt þegar aflýsa þurfti fjölda viðburða á vettvangi. Með rafrænum viðburðum náðist til stærri markhóps en ella þótt erfiðara reyndist að fylgja eftir viðskiptatengslum.



Vegna heimsfaraldursins hefur borgarþjónustuhlutverk ráðuneytisins aukist til muna og hefðbundin verkefni borgarþjónustunnar orðið flóknari í vinnslu. Síbreytilegar reglur á landamærum hafa torveldað og flækt úrlausn verkefna. Tæplega 6.500 fyrirspurnir og erindi um ferðaráð og vandamál tengd heimsfaraldrinum bárust sendiráðum og ráðuneyti á árinu 2021 og mynduðu stærsta einstaka flokk erinda og beiðna frá almenningi. Ráðuneytið hefur haldið úti ferðaráðum vegna COVID-19 á vef Stjórnarráðsins þar sem er að finna upplýsingar um gildandi takmarkanir á landamærum og sóttvarnarkröfur þeirra ríkja sem Íslendingar ferðast helst til. Heimsóknir á ferðaráðsvefinn voru rétt tæplega tvö hundruð þúsund á árinu 2021. Um mitt ár 2021 var opnað fyrir afgreiðslu umsókna og útgáfu Schengen-vegabréfsáritana til Íslands til að styðja við íslenskt atvinnulíf, einkum ferðþjónustuna. Utanríkisþjónustan gat ekki reitt sig á liðveislu annarra Schengen-ríkja eins og venjulega þar sem sem þau höfðu ekki opnað fyrir áritanþjónustu.

Faraldurinn hélt áfram að hafa margvísleg neikvæð áhrif í þróunarríkjum á árinu 2021. Áhrifin á starf Íslands á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu voru töluverð þar sem verkefni töfðust á vettvangi og samstarfi var víða beint í nýjan farveg. Í júní lagði Ísland öðru sinni fram 500 m.kr. framlag til COVAX-samstarfsins til kaupa og dreifingu COVID-19-bóluefniskammta til þróunarlanda. Til viðbótar voru 250 m.kr. veittar til mannúðarákalls UNICEF vegna heimsfaraldursins. Samanlagt vörðu íslensk stjórnvöld 1.075 m.kr. til þróunarsamvinnuverkefna vegna COVID-19 á árinu 2021. Þá gaf Ísland tæplega 400.000 umframskammta af COVID-19-bóluefnum til efnaminni ríkja í gegnum COVAX.

Þrátt fyrir þau takmörk sem COVID-19 hefur sett á fundarhöld hafa pólitísk samskipti verið mikil og árangursrík. Fjarfundir hafa reynst öflugt verkfæri og viðbót við hefðbundna fundi og ráðstefnur. Einsýnt er að því fyrirkomulagi verði haldið áfram að verulegu leyti enda auðveldar það reglulegt samtal og dregur úr kostnaði og kol-efnisfótspori. Þá hefur samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja sjaldan sannað gildi sitt jafn vel og í heimsfaraldrinum.



---

# Framvinda í kynja- og jafnréttismálum

---

## Framvinda í kynja- og jafnréttismálum

Starf utanríkisþjónustunnar á sviði jafnréttismála byggist á þeirri áherslu stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að Ísland geti verið sterk rödd á alþjóðavettvangi og fyrirmynd á sviði jafnréttismála. Í alþjóðlegum samanburði hefur Ísland náð góðum árangri og hlotið alþjóðlegar viðurkenningar sem vakið hafa athygli. Utanríkisþjónustan vinnur ötullega að áframhaldandi framförum á því sviði bæði heima fyrir og erlendis. Utanríkisráðuneytið vinnur eftir fimm ára áætlun um kynjaða fjárlagagerð 2019–2023 og hefur árlega kortlagt kynjasjónarmið og jafnréttismetið verkefni þeirra málaflokka sem undir ráðuneytið heyrir. Þeirri vinnu eru gerð skil í sérstakri stöðuskýrslu. Ráðuneytið vann einnig jafnréttismat á fjárlagatillögum fyrir fjárlög 2022 og mun framvegis framkvæma slíkt mat í þeirri vinnu.

Í utanríkisráðuneytinu er unnið samkvæmt jafnréttisáætlun Stjórnarráðs Íslands og sérstakri framkvæmdaáætlun ráðuneytisins í jafnréttismálum. Unnið er markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á sendiskrifstofum og tryggja að störfin skiptist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Ólíkt því sem áður var er kynjahlutfallið nokkuð jafnt í hópi yngri háskólamenntaðra fulltrúa. Konur eru fleiri en karlar í hópi skrifstofustjóra ráðuneytisins, fimm konur og þrjú karlar. Í utanríkisþjónustunni eru 33 sendiherrar, þar af tuttugu og tveir karlar og ellefu konur. Þrjú sendiherrar eru í leyfi. Ráðuneytið er jafnlaunavottað samkvæmt íslenska jafnlaunastaðlinum ÍST 85.

### Aðgerðir í kynja- og jafnréttismálum á málefnaviði 04

Málsvarastarf í þágu kynjajafnréttis og valdeflingar kvenna er hluti af daglegum störfum utanríkisþjónustunnar. Ný stefna Norðurskautsráðsins til næstu tíu ára (Arctic Council Strategic Plan) var samþykkt á ráðherrafundi sem haldinn var í Reykjavík í maí 2021, en Ísland fór

með formennsku í ráðinu árin 2019–2021, eins og áður hefur verið fjallað um. Í stefnunni kemur fram að Norðurskautsráðið skuli vinna að jafnrétti kynjanna og eyða mismunun á norðurslóðum í því augnamiði að stuðla að sjálfbærni og jafnvægi í forystustörfum og ákvarðanatöku, jafnt hjá einkageiranum sem hinu opinbera. Ný skýrsla um jafnrétti á norðurslóðum var einnig samþykkt á ráðherrafundinum. Er hún mikilvægur áfangi verkefnis um jafnréttismál á norðurslóðum, sem Ísland hefur leitt innan vinnuhóps um sjálfbæra þróun. Verkefnið hefur sýnt fram á atgervisflotta kvenna af jaðarsvæðum, einsleit og karllæg atvinnutækifæri og háa tíðni kynbundins ofbeldis. Þessi veruleiki skapar mikið misræmi milli kynjanna. Í ljósi þessarar stöðu er áhersla á jafnréttismál mikilvæg í þeim hluta starfs Norðurskautsráðsins sem snýr að íbúum á norðurslóðum. Leggja þarf meiri áherslu á pólitíska, efnahagslega og borgaralega valdeflingu og mikilvægt er að taka mið af sjónarhornum frumbyggja við stefnumótun um jafnrétti kynjanna. Í skýrslunni er fjallað um tillögum um aðgerðir og frekari tækifæri til rannsókna og öflunar gagna en kyngreind gögn skortir fyrir svæðið.

Ísland hefur beitt sér fyrir því að setja jafnréttisákvæði í viðskiptasamninga, þar á meðal í fríverslunarsamning við Bretland sem undirritaður var í júlí 2021. Er þetta fyrsti fríverslunarsamningurinn sem Ísland gerir þar sem slík ákvæði er að finna. Í starfi innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) hefur Ísland leikið lykilhlutverk við að koma jafnréttismálum á dagskrá. Ísland stýrir starfi í óformlegum vinnuhópi innan WTO ásamt Botsvana og El Salvador. Á grundvelli vinnu þessa hóps var tekin saman framgangsskýrsla og náðst hefur samkomulag um texta ráðherrayfirlýsingar. Til stóð að yfirlýsingin yrði gefin út með stuðningi um 120 aðildarríkja á tólfta ráðherrafundi WTO sem átti að fara fram í lok nóvember 2021 en vegna COVID-19 var honum frestað um óákveðinn tíma.



Ísland leggur einnig ríka áherslu á innleiðingu ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur frið og öryggi. Unnið er á grundvelli landsáætlunar fyrir tímabilið 2018–2022. Á árinu var gerð úttekt á framkvæmd landsáætlunar og verða niðurstöðurnar nýttar til að fylgja eftir núverandi áætlun og móta nýja. Jafnframt heldur Ísland málefnum 1325 á lofti á alþjóðavettvangi, meðal annars hjá Atlantshafsbandalaginu og fjármagnar þar stöðu sérfræðings á þessu sviði.

### Aðgerðir í kynja- og jafnréttismálum á málefnaviði 35

Kynja- og jafnréttismál eru bæði þverlægt og sértækt markmið í allri þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð Íslands. Margvíslegar aðgerðir eru innleiddar á hverju ári til að bæta stöðu kvenna og stúlkna. Í stefnumiðum eru línur Íslands lagðar. Þær eru fimm: að sporna gegn kynbundnu ofbeldi, stuðla að heilbrigði stúlkna og kvenna, menntun með áherslu á stúlkubarnið, valdefling kvenna, og aukin þátttaka karla í jafnréttismálum. Málsvarnarstarf og forystu-hlutverk á alþjóðavettvangi hefur einnig mikið vægi. Meðal annars er lögð áhersla á virka forystu Íslands í aðgerðabandalagi um kynbundið ofbeldi innan átaksverkefnis UN Women Kynslóð jafnréttis (Generation Equality Forum).

Ísland hefur lengið verið í fararbroddi framlagsþjóða í jafnréttismálum. Þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD DAC) birti nýlega greiningu á framlagi ríkja til jafnréttismála. Ísland og Kanada tróna á toppnum þar sem 88% verkefna innihalda ríkan jafnréttisþátt, voru annað hvort sértæk jafnréttisverkefni eða með innbyggða jafnréttishugsun.

Mikið jafnréttisstarf vinnst í gegnum alþjóðastofnanir, s.s. Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Stofnun Sameinuðu þjóðanna

um jafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) og Mannfjöldasjóð Sameinuðu þjóðanna (UNFPA), sem eru áherslustofnanir Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Auk kjarnaframlaga styður Ísland einstök jafnréttisverkefni þessara stofnana, þ.m.t. sameiginlegt verkefni UNICEF og UNFPA um afnám limlestinga á kynfærum kvenna og stúlkna. Önnur markverð verkefni lúta að valdeflingu sýrlenskra kvenna í flóttamannabúðum í Jórdaníu, stuðningi við skrifstofu UN Women í Palestínu og umfangsmikið verkefni í samvinnu við UNFPA vegna baráttunnar við fæðingarfístill. Til að sporna við áhrifum heimsfaraldurs studdi Ísland einnig verkefni UN Women í Malaví og UNFPA í Síerra Leóne. Jafnframt hefur Ísland á undanförunum árum gert sérstakt samkomulag við nokkrar undirstofnanir Sameinuðu þjóðanna um að senda sérfræðinga á sviði mannúðar til tímabundinna starfa, m.a. á sviði jafnréttismála.

Þá hefur utanríkisráðuneytið unnið með Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP) frá árinu 2019 að alþjóðlegri vottun fyrir vinnu á sviði jafnréttismála og þróunarsamvinnu, en Ísland er jafnframt fyrsta framlagsríkið sem undirgengst slíka vottun. Ísland hlaut gullvottun en meðal þeirra atriða sem voru nefnd sérstaklega framúrskarandi í úttekt vegna jafnréttisvottunarinnar má nefna frumkvæði Íslands innan mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna um árlegan jafnlaunadag sem haldinn hefur verið hátíðlegur í september frá árinu 2020, vinnu Íslands á sviði þróunarsamvinnu í Malaví þar sem unnið er heildstætt með samfélögum til að taka á kyn- og frjósemisheilbrigði og starfi í Úganda þar sem Ísland aðstoðar héraðsyrfvöld við að útrýma skaðlegum samfélagsviðhorfum um tíðir kvenna og stuðlar að auknu aðgengi stúlkna að menntun.

---

**Tímalína - Stiklað á stóru  
í starfsemi utanríkisþjónustunnar 2021**

---

# Fréttannaáall 2021 (janúar–mars)

6. janúar

Yfirgripsmikil skýrsla um utanríkisviðskipti Íslands komin út. [Nánar >](#)



12. janúar

Utanríkisráðherrar EFTA-ríkjanna innan EES funduðu með Michel Barnier, aðalsamningamanni ESB gagnvart Bretlandi. [Nánar >](#)

17. janúar

Guðlaugur Þór lýsir yfir áhyggjum vegna handtöku Navalnís. [Nánar >](#)

21. janúar

Skýrsla Grænlandsnefndar utanríkis- og þróunar-samvinnuráðherra komin út. [Nánar >](#)

11. febrúar

Þrjátíu ár frá viðurkenningu Íslands á sjálfstæði Litáens. [Nánar >](#)

6. febrúar

Guðlaugur Þór ræddi við utanríkisráðherra Pakistans. [Nánar >](#)

3. febrúar

Lýsir yfir djúpstæðum vonbrigðum vegna dóms yfir Navalnís. [Nánar >](#)

2. febrúar

Fjölsóttur fjarfundur utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra með erlendum sendiherrum. [Nánar >](#)



18. febrúar

Guðlaugur Þór tók þátt í fjarfundi varnarmálaráðherra á fyrsta ráðherra fundi bandalagsríkja eftir ríkisstjórnarskipti í Bandaríkjunum. [Nánar >](#)

23. febrúar

Guðlaugur Þór ávarpaði mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna. [Nánar >](#)



25. febrúar

Tillaga um útboð á ljósleiðaraþráðum Atlantshafsbandalagsins. [Nánar >](#)

11. mars

Guðlaugur Þór fundaði með utanríkisráðherrum Norðurlanda og Bretlands. [Nánar >](#)

10. mars

Ísland á meðal ríkja sem berjast gegn drauganetum. [Nánar >](#)

3. mars

Heimstorg Íslandsstofu opnað í dag. [Nánar >](#)

2. mars

Árlegt samráð við Bandaríkin um öryggis- og varnarmál. [Nánar >](#)

25. febrúar

Ráðstefna um plastmengun á norðurslóðum. [Nánar >](#)

18. mars

Ráðherra tók þátt í alþjóðlegum fundi um heimsmarkmið sex. [Nánar >](#)

19. mars

Guðlaugur Þór tók við tillögum að endurskoðaðri norðurslóðastefnu. [Nánar >](#)



24. mars

Utanríkisráðherrar Atlantshafsbandalagsins funduðu í Brussel. [Nánar >](#)

25. mars

Ályktun um stöðu mannréttinda í Íran samþykkt í mannréttindaráðinu. [Nánar >](#)

# Fréttannaárið 2021 (apríl–júní)

7. apríl

Guðlaugur Þór áréttaði mikilvægi einkageirans á fundi Alþjóðabankans. [Nánar >](#)

14. apríl

Lok aðgerða Atlantshafsbandalagsins í Afganistan ákveðin á ráðherrafundi. [Nánar >](#)



21. apríl

Guðlaugur Þór ræddi loftslagsmál á fundi með John Kerry. [Nánar >](#)

21. apríl

Ráðherra ávarpaði fund áheyrnar aðila Norðurskautsráðsins. [Nánar >](#)

6. maí

Skýrsla utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra kynnt á Alþingi. [Nánar >](#)

5. maí

Sjötíu ár frá undirritun varnarsamningsins við Bandaríkin. [Nánar >](#)

28. apríl

Víðtækt samstarf Íslandsstofu og Business Sweden. [Nánar >](#)



28. apríl

Guðlaugur Þór ræddi við Antony Blinken á símafundi. [Nánar >](#)

8. maí

Ísland gefur öndunarbúnað til Indlands. [Nánar >](#)

14. maí

Norðurljós: Skýrsla um efnahagstækifæri á norðurslóðum komin út. [Nánar >](#)

17. maí

Ráðherrafundur Norðurskautsráðsins í Reykjavík. [Nánar >](#)

18. maí

Einhugur á fundi utanríkisráðherra Bandaríkjanna og Íslands. [Nánar >](#)



3. júní

Ráðherra ávarpaði fund allsherjarþingsins gegn spillingu. [Nánar >](#)

2. júní

500 milljóna viðbótarframlag til COVAX um bættan aðgang að bóluefnum við COVID-19. [Nánar >](#)

20. maí

Guðlaugur Þór ræddi mannréttindi í Rússlandi á fundi sínum með Lavrov. [Nánar >](#)




20. maí

Fyrsta stefnuáætlun Norðurskautsráðsins samþykkt á ráðherrafundi í Reykjavík. [Nánar >](#)

4. júní

Nýr frírverslunarsamningur við Bretland í höfn. [Nánar >](#)



10. júní

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra á fundi útflutnings- og markaðsráðs. [Nánar >](#)

14. júní

Leiðtogar Atlantshafsbandalagsins funduðu í Brussel. [Nánar >](#)

18. júní

Aukin þekking á borgarabjónustu og jákvæðni í garð alþjóðasamvinnu. [Nánar >](#)

# Fréttannaáall 2021 (júlí–september)

1. júlí

Utanríkisráðherra sótti ráðherrafund sameiginlegu viðbragðssveitarinnar. [Nánar >](#)

2. júlí

Guðlaugur Þór fundaði með Sviatlönu Tsikhanouskayu. [Nánar >](#)



6. júlí

EFTA-ráðherrarnir funduðu á Siglufirði. [Nánar >](#)

8. júlí

Fríverslunarsamningur við Bretland undirritaður í London. [Nánar >](#)

19. júlí

Utanríkisráðherra fundar með framkvæmdastjórum Evrópusambandsins. [Nánar >](#)



12. júlí

Utanríkisráðherrar Íslands og Bretlands funduðu í Lundúnum. [Nánar >](#)



12. júlí

Samkomulag við Bretland á sviði menntunar og vísinda. [Nánar >](#)

21. júlí

Guðlaugur Þór sendi samúðarkveðjur vegna flóða í Þýskalandi og Belgíu. [Nánar >](#)

27. júlí

Ungir Íslendingar geti búið og starfað í Bretlandi. [Nánar >](#)

20. ágúst

Utanríkisráðherrar Atlantshafsbandalagsins funduðu um Afganistan. [Nánar >](#)

24. ágúst

Þrjár fjölskyldur komnar heilu og höldnu frá Afganistan. [Nánar >](#)

31. ágúst

Borgaraþjónustan aðstoðaði 33 við að komast frá Afganistan. [Nánar >](#)

15. september

Ísland og Svíþjóð efla samstarf í öryggis- og varnarmálum. [Nánar >](#)

9. september

Ný skýrsla um samskipti Íslands og Færeyja. [Nánar >](#)



3. september

Nýsköpun í matvælaframleiðslu efst á baugi á ráðstefnu Íslands og Singapúr. [Nánar >](#)

2. september

Loftferðasamningur Íslands og Bretlands öðlast gildi. [Nánar >](#)

17. september

Ný skýrsla um samskipti Íslands og Póllands. [Nánar >](#)

23. september

Yfirlýsing um aukið samstarf Íslands og Grænlands undirrituð. [Nánar >](#)

24. september

Skuldbindingar Íslands kynntar á leiðtogafundi um orkumál. [Nánar >](#)

27. september

Loftslagsmál og mannréttindi efst á baugi í ræðu ráðherra á allsherjarþinginu. [Nánar >](#)





# Fréttannaáall 2021 (október–desember)

14. október

Guðlaugur Þór flutti ávarp á viðskiptafundi með Friðriki krónprins. [Nánar >](#)

18. október

Formaður hermálanefndarinnar Atlantshafsbandalagsins heimsótti Ísland. [Nánar >](#)

18. október

Virk þátttaka utanríkisráðuneytisins á Hringborði norðurslóða. [Nánar >](#)



29. október

Ráðherra lagði áherslu á græna orku á ráðherrafundi um loftslagsmál. [Nánar >](#)

12. nóvember

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra fundar með aðstoðarfrankvæmdastjóra OECD. [Nánar >](#)

9. nóvember

Guðlaugur Þór á opunarviðburði Heimsþings kvenleiðtoga. [Nánar >](#)

8. nóvember

Frankvæmdastjóri hjá UN Women ræddi framlag Íslands til jafnréttismála. [Nánar >](#)

4. nóvember

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra sótti Norðurlanda-ráðsþing í Kaupmannahöfn. [Nánar >](#)

1. nóvember

Loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna hafin. [Nánar >](#)

17. nóvember

Ísland kjörð í framkvæmdastjórn UNESCO. [Nánar >](#)



19. nóvember

75 ára aðildarafmæli að Sameinuðu þjóðunum. [Nánar >](#)


29. nóvember

Þórdís Kolbrún tekin við lykavöldum í utanríkisráðuneytinu. [Nánar >](#)



9. desember

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra ávarpaði fund Viðskiptaráðs. [Nánar >](#)



3. desember

Þórdís Kolbrún áréttaði sameiginlegar skuldbindingar ÖSE-ríkjanna. [Nánar >](#)

2. desember

Loftferðasamningur við Úkraínu undirritaður. [Nánar >](#)

1. desember

Utanríkisráðherrafundur Atlantshafsbandalagsins í Ríga. [Nánar >](#)

9. desember

Fimmtíu ára afmæli stjórnmálasambands Íslands og Kína fagnað. [Nánar >](#)

10. desember

Tuttugu nemendur útskrifaðir úr Jafnréttisskóla GRÓ. [Nánar >](#)



20. desember

Þórdís Kolbrún fundaði með utanríkisráðherrum Norðurlanda. [Nánar >](#)

22. desember

Utanríkisráðherrar Íslands og Kína funda í tilefni fimmtíu ára stjórnmálasambands ríkjanna. [Nánar >](#)

